

Samkynhneigðir í Póllandi og réttindabarátta þeirra.

Höfundur: Guðrún Lilja Magnúsdóttir

Leiðbeinandi: Eiríkur Bergmann Einarsson

Rannsóknarspurning: Hefur innganga Póllands í Evrópusambandið breytt réttarstöðu samkynhneigðra þar í landi?

BA verkefni

Vor 2010

Háskólinn á Bifröst





Þakkir

Höfundur vill þakka sérstaklega Jódísi Skúladóttur, Emmu B. Eyjólfsdóttur og Hólmfríði Þórisdóttur fyrir veitta aðstoð og yfirlestur.



BA RITGERÐ VOR 2010

**SAMKYNHNEIGÐIR Í EVRÓPUSAMBANDINU OG
RÉTTINDABARÁTTA ÞEIRRA**

**HEFUR INNGANGA PÓLLANDS Í EVRÓPUSAMBANDIÐ BREYTT
RÉTTARSTÖÐU SAMKYNHNEIGÐRA ÞAR Í LANDI?**

HÖFUNDUR: GUÐRÚN LILJA MAGNÚSDÓTTIR
LEIÐBEINANDI: EIRÍKUR BERGMANN EINARSSON

HÁSKÓLINN Á BÍFTÖST



Ágrip

Við austurstækkun Evrópusambandsins gekk Pólland ásamt öðrum Austur- Evrópu þjóðum í Evrópusambandið. Ein meginforsenda fyrir þessari stækkun var að Evrópusambandið vildi hamra á grunnildum sínum við öll ríki Evrópu og fá þau til þess að taka þátt í þeirri stefnu sinni að stuðla að friði, velmegun og frelsi. Evrópusambandið taldi betra að fá Austur -Evrópulöndin inn í sambandið fremur en að hætta á að eiga einhverntíma von á innrás frá þeim.

Mikið hefur verið um það fjallað, og þeirri spurningu varpað fram, hvað einstök lönd hafa komið með sér inn í Evrópusambandið eða hvað Evrópusambandið græði á inngöngu þeirra, en jafnframt hvaða hagur er í Evrópusambandsaðild fyrir sömu lönd.

Höfundur lék forvitni á því að vita hvað hag samkynhneigðir í Póllandi hefðu haft af inngöngu landsins í Evrópusambandið. Skoðað var hvort aðild þeirra hefði gagnast samkynhneigðum Pólverjum í baráttu sinni fyrir bættum mannréttindum þar í landi.

Í ritgerðinni er skoðuð staða samkynhneigðra í Póllandi fyrir og eftir Evrópusambandsaðild. Aðferðin sem notuð var er að bera saman kannanir sem gerðar voru um stöðu samkynhneigðra í Póllandi á árunum fyrir inngöngu, en einnig við og eftir inngöngu. Þá er Lissabonsáttmálinn skoðaður út frá stöðu samkynhneigðra í Evrópusambandinu og innan Póllands, en jafnframt hvað samþykkt allra aðildarríkja sambandsins þýðir fyrir minnihlutahópa sem hafa verið sniðgengnir um réttindi sín til langs tíma. Niðurstaða höfundar var sú að innganga Póllands í Evrópusambandið bætti stöðu samkynhneigðra þar í landi töluvert hvað varðar mannréttindi þeirra, og eru jákvæðar afleiðingar fyrir þennan þjóðfélagshóp farnar að sjást greinilega. Ljóst er því að réttindabarátta í Evrópu hefur með skýrri stefnu Evrópusambandsins fengið byr undir báða vængi.

Guðrún Lilja Magnúsdóttir



Efnisyfirlit

1. Inngangur	7
2. Inngangs kaflar	8
2. 1. Minnihlutahópar	8
2. 2. Mannréttindi	10
2. 3. Mannréttindi og Evrópusambandið	12
2.4. Samkynhneigð í gegnum tíðina	16
3. Samfélagsþróun í Póllandi og viðhorf til samkynhneigðar	19
3. 1. Fordómar yfirvalda í Póllandi	20
3. 2. Þjóðtrú Pólverja og áhrif hennar á málefni samkynhneigðra.	22
3. 3. Samkynhneigðir innan Evrópusambandsins	22
3. 4. Staða samkynhneigðra í Póllandi fyrir inngöngu í Evrópusambandið	24
4. Könnun á lífsgæðum samkynhneigðra innan ESB	25
4. 1. Könnun 1: „Að mæta áskorun um aðild”	25
4. 2. Könnun 2: „Könnun 2001, um mismunun og umburðarleysi vegna kynhneigðar í Póllandi”	27
4. 3. Könnun 3: „Staða tvíkynhneigðra og samkynhneigðra einstaklinga í Póllandi, 2005 og 2006 skýrslan”	28
5. Lissabonsáttmálinn	30
6. Áhrif Lissabonsáttmálans á stöðu samkynhneigðra í Póllandi	31
6. 1. Lissabonsáttmálinn lagalega bindandi	31
7. Staða samkynhneigðra í Póllandi eftir sáttmálabreytingu	32
7. 1. Kozak V Pólland	33
8. Niðurstaða	35
9. Lokaorð	36
10. Heimildaskrá	38



1. Inngangur

Í mörgum alþjóðalögum er sérstaklega kveðið á um jafnræði manna og rétt þeirra til að njóta verndar og virðingar frá samborgurum sínum. Í þessu tilliti má nefna Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá 1948, Alþjóðasamning Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnómálagleg réttindi og Mannréttindaskrá Evrópusambandsins frá árinu 2000. Þessir samningar sem allir eru alþjóðlegir, eiga það sameiginlegt að boða jafnan rétt allra sem að þeim standa.¹ Þó er sú hugmynd innan siðmenntaðara ríkja um mismunun, það er að segja ójafna meðferð, orðin varanlegur þáttur í innra réttarkerfi margra nútímaríkja í samtímanum. Þannig dafnar ójöfnuðurinn um allan heim og margir hópar mega berjast fyrir tilverurétti sínum á öllum sviðum samfélagsins. Minnihlutahópar verða oft illa úti hvað varðar almenn mannréttindi og virðingu þótt það sé misjafnt eftir samfélögum. Í hinum vestræna heimi hefur staða samkynhneigðra víða batnað til muna frá því sem áður var. Þar eru Norðurlöndin fremst í flokki með mjög framsækna löggjöf um málefni samkynhneigðra. Það sem jafnan spilar inní afstöðu fólks til minnihlutahópa eins og samkynhneigðra eru félagsleg og efnahagsleg staða samfélagsins, trúarleg afstaða og rótgrónar hugmyndir sem berast mann fram af manni milli kynslóða. Þetta er það sem við horfum til þegar litið er til Póllands sem er til umfjöllunar í verkefni þessu. Þar er rótgróin kaþólsk saga þjóðarinnar grundvöllur fyrir þeirri mismunun sem samkynhneigðir þar í landi hafa mátt búa við. Ofbeldi og mismunun hefur litað sögu samkynhneigðra um langa hríð og við vinnslu verkefnisins komu fram gögn sem sýna fram á ómanneskjulega meðferð á fólki sem einungis á rætur að rekja til kynhneigðar viðkomandi.

Staða lesbía og homma í Póllandi hefur langt frá því að hafa verið til jafns við hina gagnkynhneigðu þegna, þótt samkynhneigðir hafi alltaf verið hluti af samfélagi þeirra. Ekki er nema rúmlega áratugur síðan opnar umræður hófust um samkynhneigð en fljótlega teygðist umræðan inn á almennan vettvang. Það var síðan á árunum 2005 og 2006 sem umræðan var komin inn í pólsk dagblöð og var þá nánast daglega til umræðu. Fyrir þennan tíma höfðu samkynhneigðir fallið í skugga hinar ríkjandi gagnkynhneigðar og verið hin ósýnilegi minnihluti sem engin kærði sig um að gefa gaum. Því er óhætt að halda því fram að samkynhneigðir hafi þurft að lifa við töluverða mismunun, fordóma og útskúfun þar í landi.

¹ Ragnar Aðalsteinsson. 2005.



Alltaf er vert að líta til stjórnvalda þegar mannréttindi þjóða eru skoðuð. Ekki verður sérstaklega um það fjallað í verkefninu en þó má velta vöngum yfir þeim breytingum sem orðið hafa í æðstu röðum stjórnvalda í Póllandi. Sá hörmulegi atburður varð á dögnum að flugvél pólska forsetans ásamt fylgdarliði fórst í Rússlandi og létust þar forsetahjónin auk annara sem um borð voru. Forsetakosningar eru fyrirhugaðar í maí 2010, í Póllandi en það er alltaf mikið kappsmál fyrir minnihlutahópa að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og að fá í æðstu stöður fólk sem skilning hefur á þeirra málefnum og baráttumálum. Það eru því forvitnilegir tímar fram undan fyrir pólsku þjóðina og ekki síst fyrir samkynhneigða sem binda miklar vonir við forsetakosningarnar í vor þótt þær fari fram í skugga sorgar vegna fráfalls fyrri forseta og annars áhrifaríks fólks.

Pólland gekk inn í Evrópusambandið 1. maí 2004.² Margir álitu að austurstækkunin væri slæm fyrir Evrópusambandið en ekki þykir enn ljóst hver endanleg áhrif þessa verða fyrir sambandið. Ekki verður skoðuð sú hlið málsins, heldur verður skoðað hvaða áhrif Evrópusambandið hefur haft á stöðu og líf samkynhneigðra í Póllandi eftir inngöngu þess inn í sambandið.

Til þess að leitast við að svara rannsóknarspurningu ritgerðarinnar var meðal annars kannað hvort sú breyting sem átti sér stað þegar Lissabonsáttmálinn varð bindandi fyrir öll lönd sambandsins, hafi haft jákvæðar eða neikvæðar afleiðingar fyrir samkynhneigða í Póllandi. Einnig voru skoðaðar kannanir sem gerðar voru um stöðu samkynhneigðra í Póllandi í kringum inngönguna, bæði árin fyrir og eftir inngöngu. Með þeirri umfjöllun sem á eftir fer er reynt að svara rannsóknarspurningu þessarar ritgerðar sem hljóðar svo: Hefur innganga Póllands í Evrópusambandið breytt réttarstöðu samkynhneigðra þar í landi?

2. Inngangs kaflar

2. 1. Minnihlutahópar

Áður en lengra er haldið er vert að skoða nokkur grundvallarhugtök sem skipta miklu máli varðandi efnið sem á eftir kemur. Hugtakið minnihlutahópur þýðir að ákveðinn hópur einstaklinga er frábrugðinn að einhverju leyti öðrum einstaklingum í samfélaginu. Hin „eðlilegi“ hluti samfélagsins samsamar sig ekki við

² Europa.



minnihlutahópin að einhverju eða öllu leyti af einhverri ástæðu, þykja þeir einstaklingar sem teljast til minnihlutans oft ekki einungis frábrugðnir heldur eru þeir beinlínis taldir óeðlilegir í mörgum tilfellum. Þessir einstaklingar falla ekki að norminu eða að staðalímynd þeirri sem þjóðin eða hópurinn hefur um sjálfan sig. Þeir einstaklingar sem falla undir minnihlutahópa eiga það til að fylgja almennt ekki öllum viðmiðum sem gilda innan samfélagsins og eða geta ekki fylgt þeim af einhverjum ástæðum. Þessir hópar fólks fá oftast en ekki neikvæð viðbrögð frá öðrum þegnum samfélagsins þrátt fyrir að hafa jafnvel ekkert gert til að verðskulda þessi neikvæðu viðbrögð, því oft er fólk fætt frábrugðið því sem normið er. Minnihlutahópum er oft mismunað á þann hátt að þeir hafa ekki jafnan aðgang að gæðum samfélagsins. Þá eru félagsleg, efnahagsleg og pólitísk réttindi þeirra oft brotin. Upptök átaka mismunandi þjóðfélagsþéttmála má oftast en ekki rekja til slíks ójafnvægis eða ójafnrétti innan samfélags. Slík þræufni geta varað lengi áður en varanleg breyting getur átt sér stað, þó að aldrei náist fullkomin sátt innan samfélaga þegar deilt er um slík málefni. Þetta er ástæðan fyrir því að mikilvægt er að tryggja öllum minnihlutahópum jöfn mannréttindi til jafns við alla aðra þjóðfélagsþegna.

Margir minnihlutahópar eru þess eðlis að þeim er veitt lítil athygli, en þeir eru oft ekki frábrugðnir öðrum í samfélaginu í útlitit. Enn aðrir hópar eiga það til að mæta mikilli hörku og fordómum sem fylgja oftast fyrrnefndum neikvæðu viðbrögðum, vegna frábrugðins útlits eða hegðunar. Þá getur eingöngu tilvist þessara einstaklinga og hópa verið nóg til þess að kalla fram neikvæð viðbrögð og jafnvel fordæmingu. Ágætis dæmi um einstaklinga sem falla undir þennan flokk minnihlutahópa eru kynskiptingar (e. transgender). Annað dæmi um minnihlutahóp sem tengjast beint neikvæðri hegðun eru glæpagengi. Hægt er að halda því fram að lang lestin einstaklingar innan minnihlutahópa séu ekki neikvæðir í sjálfu sér, heldur eru þeir hluti af hópi sem ekki fylgir ríkjandi viðmiðum í hegðun eða gildum innan hvers samfélags svo sem. sértrúarhópar, innflytjendur og samkynhneigðir svo eitthvað sé nefnt.

Hraðar breytingar eiga sér oft stað í samfélögum en þó oft á mismunandi hraða. Því má ekki gleyma hópum sem áður heyrðu til minnihluta en eru algengari núna. Má nefna dæmi um að í mörgum löndum var talið eðlilegt að konur væru heimavinnandi en karlar útivinnandi en orðið hefur alger viðsnúningur í þeim efnum, sérstaklega í hinum vestræna heimi. Eins má nefna gríðarlega fjölgun einstæðra foreldra hér á



Íslandi, en áður þótti það nær ótækt, slíkt var alls ekki samþykkt af samfélaginu.³ Þessir hópar sem hér voru nefndir eru partur af þeirri miklu þróun og breytingu sem hefur orðið á hinu vestræna þjóðfélagsformi.

2. 2. Mannréttindi

Mannréttindi eru annað hugtak sem er mikilvægt að skilgreina. Ágætt er að byrja á því að skoða grunn mannréttindi í Evrópu, en Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna hlaut samþykkt allra aðildarlanda sinna þann 10. desember 1948. Yfirlýsing þessi átti eftir að leggja grunn að alþjóðlegu mannréttindakerfi sem æ síðan hefur verið notast við út um allan heim og er notast við hana enn þann dag í dag. Mannréttindayfirlýsing þessi hefur haft það mikil áhrif í gegnum tíðina að hún hefur verið tekin inn í stjórnarskrár ríkja og fest sig þannig í sessi í mörgum löndum. Mikilvægt þykir að virða mannréttindi allra, og hafa þá í hávegum jafnræðisreglu 2. gr. Mannréttindayfirlýsingarinnar, sem segir að allir skuli vera jafnir gagnvart lögum og dómstólum, en þar má ekki gera neinn greinarmun manna á milli vegna litarháttar, kynþáttar, kynferðis, trúar, tungu, þjóðernis, stjórnmálaskoðana, eigna, uppruna, ætternis né nokkurra annarra viðlíka aðstæðna.⁴ Svona hefst inngangur Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna:

“Það ber að viðurkenna að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda, er eigi verði af honum tekin, og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum.”

“Hafi mannréttindi verið fyrir borð borin og lítilsvirt, hefur slíkt í för með sér siðlausar athafnir, er ofboðið hafa samvisku mannkynsins, enda hefur því verið yfir lýst, að æðsta markmið almennings um heim allan sé að skapa veröld, þar sem menn fái notið málfrelsis, trúfrelsis og óttaleysis um einkalíf og afkomu.”

“Mannréttindi á að vernda með lögum. Að öðrum kosti hljóta menn að grípa til þess örprifaráðs að rísa upp gegn kúgun og ofbeldi.”⁵

Skilningur manna á mannréttindum er afar misjafn milli samfélaga og menningarheima, þó eru í raun sömu lög sem eiga að vera í gildi alstaðar. Mjög misjafnt er hversu mikið er brotið á mannréttindum fólks eftir því hvar í heiminum það býr. Mörg mannréttindasamtök vinna því að fá leiðréttingar á þessari mismunun

³ Edwin R.A. Seligman. 1963, 518 – 524.

⁴ Mannréttindaskrifstofa Íslands (án árs).

⁵ Mannréttindaskrifstofa Íslands (án árs).



eins og til dæmis ein frægustu samtökin, Amnesty International, en þau láta til sín taka hvívetna í heiminum í þágu betra lífs fyrir alla.⁶

Þrátt fyrir þessa góðu vinnu hefur vantað gríðarlega mikið upp á að samkynhneigðir njóti sömu réttarverndar og aðrir í vestrænum þjóðfélögum, ekki síst í ríkjum eystri hluta Evrópu líkt og Póllandi.

Mannréttindasáttmálar sem í gildi eru víðast hvar í heiminum eru alls ekki menningarbundnir eða afstæðir þrátt fyrir að hugsanaháttur manna virðist oft vera það og því er víða pottur brotinn þegar kemur að því að framfylgja grundvallarmannréttindum fólks. Það er ein ástæða þess að skýra þarf lög innan allra ríkja heims um hver séu grundvallarlög einstaklinga og einnig að hafa þessi lög aðgengileg og skiljanleg almenningi.

Margir skipta skilningi sínum á mannréttindum í þrjá hluta; lagalegan, pólitískan og siðferðilegan skilning. Fyrst ber að nefna lagalegan skilning, en það eru réttindi sem hafa verið skilgreind í réttindaskrá og alþjóðasamþykktum eins og Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna o.fl. Lagalegi hlutinn mannréttinda er talinn vera einfaldastur og er hann einnig sá hluti sem oftast er vísað til þegar stjórnvöld eru gagnrýnd fyrir mannréttindabrot. Ekki er þó hægt að telja hin lagalega skilning til greinagerðar fyrir því hvað mannréttindi séu. Ef ekki eru til mannréttindi í lagalegum skilningi, þá eru heldur ekki til mannréttindabrot þrátt fyrir skoðanir fólks um hvað telst til mannréttinda eða mannréttindabrota, ef miðað er út frá lagalegri hlið, en annað gildir um pólitískar og siðferðislegar hliðar mannréttindabrota. Ætlunin með lagalega skilningnum er að taka af öll tvímæli sem óhjákvæmilega vakna þegar hinn pólitíski eða siðferðilegi skilningur er lagður til grundvallar.

Með pólitískum skilningi er hugsunin sú að æskilegt sé að tryggja fólki viss mannréttindi þó að þau séu ekki nefnd í alþjóðasamþykktum, en þá er átt við eins og til dæmis atvinnuleysisbætur, en það er eitthvað sem hver stjórnvöld í hverju landi ákveða fyrir sína þegna. Siðferðilegi skilningurinn er sá að allir eigi að njóta sömu grundvallarmannréttinda alveg óháð staðbundnum aðstæðum svo sem efnahag og samfélagsgerð.⁷ Túlkun á þessum parti hefur þó verið hvað frjálsgastur og á þessum grundvelli hafa fordómar, útskúfun og margskonar mannréttindabrot getað þrífist.

⁶ Amnesty International, (án árs).

⁷ Mannréttinda skrifstofa Íslands. 2006.



Allir íbúar í vestrænum þjóðfélögum hafa lagalegan rétt á að haga lífi sínu eins og þeir kjósa, en þó þykir æskilegt að allir fylgi ákveðnum óskrifuðum félagslegum viðmiðum eða gildum um hvernig eigi að haga sér í hverju samfélagi fyrir sig. Margir hópar svo sem fatlaðir, fátækir og samkynhneigðir sem til minnihluta hafa talist, hafa þó átt erfitt uppdráttar á mörgum stigum þjóðfélagsins og mætir þeim oft lítil eða enginn skilningur á þjóðfélagslegri stöðu sinni af hinum þegnum þjóðfélagsins.

2. 3. Mannréttindi og Evrópusambandið

Eitt helsta markmið Evrópuráðsins er að stefna að einingu Evrópuríkja og viðhalda friði í álfunni. Þannig var ESB upphaflega stofnað uppúr Kola- og stálbandalagi nokkurra Evrópuríkja, en hugmyndin var sú að ef lönd ættu viðskiptalegra hagsmuna að gæta gagnvart öðrum þjóðum væru minni líkur á hernaðaraðgerðum þar á milli. Á bak við þessa hugsun liggur hugmyndin um einingu og frið innan Evrópu. Þannig má kalla ESB friðarbandalag.⁸ Þeim markmiðum um að viðhalda einingu og friði innan Evrópu má ná með því að byggja á sameiginlegum lýðræðislegum gildum og verndun grundvallarmannréttinda og frelsis. Borgarar ESB njóta allir sömu réttinda ef marka má sameiginlega réttindaskrá ESB (e. Charter of Fundamental Rights), sem leiðtogar sambandsins létu gera í framhaldi af fundi þeirra sem haldinn var í júní 1999. Borgarar ESB njóta allir verndar gegn mismunun út frá Mannréttinasáttmála Evrópu. Réttindaskráin er samantekt á sameiginlegum gildum ESB og aðildarríkjum þess. Tilgangur hennar er að koma saman í einn texta hefðbundnum borgaralegum, pólitískum, efnahagslegum og félagslegum réttinum allra íbúa innan ESB. Í formála í réttindaskrá ESB kemur meðal annars tilgangur hennar fram:

„Það er nauðsynlegt að styrkja vernd grundvallaréttinda í ljósi breytinga á samfélagi, félagslegum framförum, vísinda- og tækniþróun með því að gera þeirra (íbúum ESB) réttindi sýnilegri í þessari réttindaskrá.”⁹

Skipaður starfshópur á vegum ESB var fenginn til að skrifa alhliða skrá borgaralegra réttinda sem byggðu meðal annars á grundvelli Mannréttinasáttmála Evrópu. Þessi borgaralegu réttindi eiga að ná ófrávíkjanlega jafnt yfir alla borgara innan ESB. Réttindaskráin var staðfest af leiðtogaráði ESB í desember árið 2000, en fékk

⁸ Eiríkur Bergmann Eiarsson, 2009, bls 48 – 50.

⁹ Europa, 2008.



formlega réttarstöðu sem hluti af regluverki ESB með Lissabonsáttmálanum við undirskrift aðildarríkja ESB 2009.¹⁰ Skráin skiptist í þá sex kafla sem hér segir:

- „1. Mannleg reisn og frumréttur einstaklingsins; til dæmis rétturinn til lífs og bann við pyntingum og dauðarefsingum.
2. Frelsi og mannhelgi; þar sem meðal annars er kveðið á um virka persónuvernd og virðingu fyrir einkalífi.
3. Jafnrétti fyrir lögum; þar sem bönnuð er hvers kyns mismunun á grundvelli kyns, kynþáttar, litarháttar, þjóðernis eða félagslegs uppruna, erfðafræðilegra eiginleika, tungumáls, trúarbragða, stjórnmálaskoðana, eða annars viðhorfs, þjóðarbrotts, eigna, fæðingarstaðar, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar.
4. Atvinnu- og félagsleg réttindi; til að mynda réttur til upplýsinga og samráðs á vinnustað og ákvæði um félagslegt öryggi og félagslega aðstoð.
5. Borgaraleg réttindi; til að mynda búseturéttindi og ákvæði um rétt til að kjósa og bjóða sig fram til Evrópuþingsins og sveitarstjórna.
6. Réttarfarsmál; þar sem meðal annars er kveðið á um skýr réttarráæði, réttláta meðferð fyrir dómi og ákvæði um að samræmi sé ávallt milli afbrota og refsingar”.¹¹

Þetta eru þær lagareglur sem Pólverjum ber að fara eftir vegna aðildar sinnar í ESB fyrst og fremst. Hér á eftir verður stutt yfirlit yfir helstu greinar stofnskrárinnar sem varða mannréttindi og hafa áhrif á réttarstöðu samkynhneigðra í Póllandi.

Samkvæmt 1. gr. stofnskrárinnar er mannleg reisn friðhelg og hana ber að virða og vernda. Þetta er eitt af þeim grundvallar atriðum sem brotið hefur verið á hvað varðar samkynhneigða. Það að vera ekki viðurkennd manneskja í sínu eigin samfélagi og að vera ekki jafningi annarra þegna fyrir það eitt að vera samkynhneigður, er skýrt dæmi um slíkt brot.¹²

Samkvæmt 4. gr. stofnskrárinnar er bann í aðildarríkjum ESB við pyntingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Enginn maður skal samkvæmt þeirri grein sæta slíkri meðferð, en gríðarlega mörg brot af þessu tagi viðgengust gagnvart samkynhneigðum í Póllandi fyrir inngönguna í Evrópusambandið. Dæmi um andlegt ofbeldi gagnvart samkynhneigðum voru og eru einnig algeng og hafa einstaklingar mátt þola það, ekki einungis á vinnustað heldur allsstaðar annarstaðar einnig og jafnvel af hendi eigin fjölskyldumeðlima. Þótt ekki hafi viðgengist líkamlegt ofbeldi gagnvart samkynhneigðum af hendi lögreglunnar svo höfundur viti, er hitt ljóst að oft hefur lítið verið gert úr kærnum samkynhneigðra og þeim jafnvel

¹⁰ Europa, 2008.

¹¹ Eiríkur Bergmann Einarsson, 2009, bls 137.

¹² Charter of Fundamental Rights of the European Union, 2010, bls 4.



vísað frá með kvartanir sínar eftir að hafa mátt þola líkamlegt eða andlegt ofbeldi ef marka má kannanir sem skoðaðar voru.¹³ (nánar í kaflanum um stöðu samkynhneigðra í Póllandi fyrir inngöngu inn í ESB)

Ein meginmannréttinda hins vestræna heims eru að mega hafa skoðanir sínar í friði og að geta tjáð sig án hafta um málefni er varða einstaklinginn og hans hugarefni. Um það er fjallað í 10 og 11. gr. en skert skoðana- og tjáningarfrelsi eru meðal þeirra mannréttindabrota sem samkynhneigðir í Póllandi hafa mátt búa við.¹⁴ Dæmi um þess konar brot eru bönn sem sett hafa verið á við baráttugöngum samkynhneigðra en alls kyns fyrirsláttur hefur verið hafður um þau bönn, svo sem gatnalög og fleira.¹⁵ Ljóst er að þarna hefur verið brotið gróflega á 10. og 11. ákvæðinu. Göngur sem þessar eru afar mikilvægar fyrir baráttu samkynhneigðra og einnig eitt sterkasta vopnið í höndum samkynhneigðra til að opna umræðuna og gera sig sýnilegri í samfélaginu. Þessar baráttugöngur eru í raun oft eini grundvöllurinn sem þessi þjóðfélagshópur hefur til að ná til hins almenna borgara. „Hinsegin dagar” og „Gleðiganga” samkynhneigðra á Íslandi er gott dæmi um það hversu gríðarleg kynning á málstaðnum getur auðveldað baráttuna, kynnt málefni samkynhneigðra og lagað sýn hins almenna borgara gagnvart samkynhneigðu fólki.

Í 15. gr. er fjallað um atvinnufrelsi en pólskir atvinnurekendur hafa staðið sig nokkuð vel á þeim vettvangi. Á móti hefur oft verið komið mjög illa fram við samkynhneigða á vinnustöðum þeirra og ekki óalgengt að þeir gefist upp og hætti í starfi vegna viðvarandi eineltis og árása á vinnustað. Þar kemur enn og aftur í ljós hversu mikilvægt er að viðhorfsbreytingar verði innan samfélaga og alls ekki nóg að setja inn lagaákvæði þó það sé svo sannarlega forsenda þess að að samfélög geti breyst.¹⁶ (Um þetta verður fjallað nánar í kaflanum um stöðu samkynhneigðra fyrir inngöngu í Póllandi)

Í III kafla stofnskrárinnar er að finna ákvæði er varða jafnræði og bann við mismunun en í því tilliti hafa samkynhneigðir í Póllandi ekki staðið jafnfætis öðrum borgurum og hafa þótt þrepi neðar í þjóðfélagsstiganum. Oft getur verið erfitt að sanna mismunun, þar sem fólki er frjálst að leigja þeim sem því þóknast, ráða hvern þann sem það kys til vinnu eða því um líkt. Auðvelt að koma með ýmis rök fyrir slíku

¹³ Charter of Fundamental Rights of the European Union, 2010, bls 4.

¹⁴ Charter of Fundamental Rights of the European Union, 2010, bls 5 – 6.

¹⁵ The Sidney Morning Herald, 2006.

¹⁶ Charter of Fundamental Rights of the European Union, 2010, bls 6.



vali þó að það liggi oft í augum uppi að ákvörðunin byggðist fyrst og fremst á því að viðkomandi einstaklingur hafi verið samkynhneigður og þess vegna hafi hann ekki orðið fyrir valinu.¹⁷

Í IV kafla er ákvæði í 35. gr. er segir að allir skuli hafa jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu. Á þessu ákvæði hefur verið brotið þar sem læknar og aðrir heilbrigðisstarfsmenn hafa hreinlega neitað einstaklingum, sem hafa verið yfirlýstir samkynhneigðir, um skoðun eða aðra sjálfsagða og nauðsynlega heilbrigðisþjónustu sem samkvæmt ákvæði þessu á að vera aðgengilegt öllum þegnum ESB. Þetta þykir gróft mannréttindabrot sem byggist á þekkingarleysi samfélagsins og setti þá einstaklinga sem umræddi í skelfilega stöðu í sínu eigin heimalandi þar sem þeir gátu ekki sótt þá lækniþjónustu sem þeir töldu sig þurfa á að halda. Þessi grein var því mikilvæg fyrir réttindabaráttuna eins og reyndar öll ákvæði sem tryggja öllum þegnum ríkja jafnan rétt til þeirrar sjálfsögðu þjónustu sem sem hið opinbera og aðrir bjóða þegnum upp á.¹⁸

Hér að ofan hefur verið stiklað á stóru hvað varðar þau ákvæði stofnskrár grundvallarréttinda ESB sem var lögleidd eins og áður var sagt í öllum aðildarlöndum sambandsins við undirritun Lissabonsáttmálans. Ljóst þykir að þetta var stórt skref í rétta átt að bættum mannréttindum almennt og þá ekki síst fyrir minnihlutahópa á borð við samkynhneigða. Í landi, sem byggir venjur sínar á kaþólskum grunni og mismunun hefur viðgengist um aldir, er um mikla framför að ræða. En eins og kom fram þá þarf nú alla jafna meira til en lagasetningu því á margan hátt er hægt að brjóta á einstaklingi sem tilheyrir minnihlutahópi, án þess að hægt sé að sanna að lög hafi verið brotin, enda er oft um siðferðilega mismunun að ræða en ekki lagabrot. En að tryggja grundvallarmannréttindi með lagasetningu er sá grunnur sem síðan er hægt að byggja á til framtíðar. Segja má því að með samþykkt Lissabonsamningsins hafi verið stigið eitt stærsta skrefið í rétta átt í mannréttindabaráttu almennt, en ekki síst stigið stórt skref í þá átt að samkynhneigðir einstaklingar innan álfunnar geti öðlast betra líf. Einnig hefur aukin samvinna um málefni samkynhneigðra á alþjóðavettvangi um betra líf og almenn mannréttindi hjálpað í þessari löngu og erfiðu baráttu. Framan af var málefnum samkynhneigðra og réttindum þeirra sem minnihlutahóps veitt lítil

¹⁷ Charter of Fundamental Rights of the European Union, 2010, bls 7 – 9.

¹⁸ Charter of Fundamental Rights of the European Union, 2010, bls 10.



athygli hjá alþjóðastofnunum. En tímarnir breyta viðhorfum fólks og þar af leiðandi breytist viðhorf stofnanna einnig hægt og bítandi.

2.4. Samkynhneigð í gegnum tíðina

Í gegnum aldirnar hafa minnihlutahópar í Evrópu átt misjafnlega erfitt uppdráttar. Líkja má því stöðu samkynhneiðgra í heiminum við öldugang eða ris og hnignun, á sumum tímum þótti samkynhneigð ekki neitt tiltökumál og jafnvel sjálfsagt en á öðrum var fátt verra til.

Áhugavert er að saga samkynhneigðar um allan heim spannar í langstærstum mæli einungis sambönd karlmannna en þó einhverjar heimildir séu að finna um samlíf tveggja kvenna í hinum ýmsu menningarheimum fyrri tíma, þá er mun minna vitað um það. Því má benda á að þótt samkynhneigð kvenna hafi verið bönnuð fyrir um 4000 árum í menningu Gyðinga var refsingin fyrir samlíf tveggja kvenna mun vægari en refsing fyrir samlíf tveggja karla.¹⁹ Samfélagið í Róm til forna gerði ekki greinarmun á samkynhneigðum og öðrum þegnum samfélagsins og litu svo á að samkynhneigðir væru venjulegur partur af þeirri breidd sem hluti af kynferðislöngunum manneskjunnar. Ekki þótti óeðilegt að karlmaður ætti til dæmis í ástarsambandi við bæði konu og dreng.²⁰ Þegar Rómaveldi tók að líða undir lok, fór að halla undan fæti með það umburðarlyndi og frjálsræði sem samkynhneigðir lifðu í Vesturheimi á þessum tímum.

Frá tíma Krists og til loka miðalda minnkaði það umburðarlyndi og fordómaleysi sem hafði að mestu viðgengist á svæðinu framan af.²¹ Í byrjun miðalda eða í kringum 4.öld – 7.öld hófst hnignun í garð jafnréttis og frjálsræðis sem gerði það að verkum að einstaklingar gátu ekki lengur hagað sínu lífi eins og þeim þóknaðist. Ekki virðist þó sem kristin kirkja hafi fordæmt lífernir samkynhneigðra til að byrja með, heldur kom það með tímanum.²² Hnignun miðaldanna kom í kjölfar sjúkdóma og erfiðleika sem laut að verslunarháttum, menningu og siðum, það olli því að dómharka og fordómar áttu auðveldara með að skjóta rótum í hugum manna. Það er ekki að ástæðulausu sem litið er á miðaldirnar sem tíma kúgunar, umburðarleysis og þröngsýni, en slíkt viðgekkst víðast hvar í heiminum á þessum tíma og ekki hvað

¹⁹ Wiesner, Mary E. 2000.

²⁰ Boswell, John, 1980, bls 333.

²¹ Boswell, John, 1980, bls 1 – 7.

²² Boswell, John, 1980, bls 333.



síst í Evrópu.²³ Fordæmingar gegn samkynhneigðum voru byggðar á trúarlegum forsendum, oft á kristinni trú, hvort sem hún spratt af rótum kaþólskra eða mótmælenda. Viðurkennt var að fordæma hegðun samkynhneigðra og eðlilegt þótti að brenna þá á báli á þessum tíma.

Á tólftu öld skáru samkynhneigðir einstaklingar sig úr og voru þekktir, áhrifamiklir og virtir í mörgum samfélögum í Evrópu til dæmis fyrir samkynhneigðar bókmenntir. Þessir einstaklingar skildu eftir sig varanleg ummerki í menningu þessa tíma. Opinberar umræður áttu sér stað um samkynhneigð í Evrópu á þeim tíma og var þeim málefnum fagnað. Sjaldan virtist sem mótbárur ættu sér stað á þessum tíma en þegar það gerðist, hvort sem var af trúarlegum eða veraldlegum leiðtogum, þá voru þær hunsaðar.

Hröð breyting átti sér stað fljótlega uppúr miðri þrettánda öld þar sem hatursfull andstaða hóf að birtast í vinsælum bókmenntum sem breiddist síðan þaðan út. Ekki hafa fundist neinar beinar skýringar á þessum snögga viðsnúningi en ört vaxandi þröngsýni í garð minnihlutahópa en hélt þó áfram að ná kjölfestu í kirkjulegum og veraldlegum stofnunum allt fram á fjórtánda og fimmtánda öld. Margir aðrir minnihlutahópar auk samkynhneigðra voru fordæmdir og útskúfaðir svo sem eins og Gyðingar og einstaklingar sem álitnir voru tengjast göldrum og kukli. Upp frá þessum tíma breyttist margt í Evrópu til hins verra, en sem dæmi má nefna jafnvel var lögum breytt „ minnihlutahópum í óhag.²⁴

Samkynhneigðir á miðöldum virðast hafa farið í felur, nánast engar heimildir eru frá þeim tíma um tilvist þeirra þó að samkynhneigð hafi verið jafn algeng þá og á öllum öðrum tímum, hún var einungis dulin.

Ein af ástæðum þess að samkynhneigðir hafa þurft að líða mikla mismunun og fordóma er sú að litið er á þá sem ógn við samfélagið. Þannig hafa aftur og aftur komið upp tímabil sem hafa reynst samkynhneigðum erfið. Oft hafa blómleg tímabil endað með mikilu niðurbroti og samfélagið jafnvel reynt að útrýma samkynhneigð. Alla tíð hafa verið til samkynhneigðir einstaklingar sem neitað hafa að beygja sig undir þá kúgun að lifa í andstöðu við sitt innra eðli. Þegar þeir einstaklingar hafa síðan staði upp og opinberað kynhneigð sína með einum eða öðrum hætti hefur það vakið mikla athygli og jafnvel reiði en þó aðdáun hjá einhverjum. Þarna má nefna

²³ Boswell, John, 1980, bls 1 – 7.

²⁴ Boswell, John, 1980, bls 333 – 334.



einstaklinga eins og skáldið Oscar Wild en hann var dæmdur í tveggja ára fangelsi á Viktoríutímabilinu fyrir samkynhneigð sína sem hann neitaði að fara í graf götur með. Margir frægir einstaklingar hafa í gegnum tíðina verið ýmsit taldir vera eða hafa staðfest samkynhneigð sína. Þar má nefna nöfn eins og Alexander mikli (300 f.kr.), Sókrates (400 f.kr.), Ríkharður Ljónshjarta Englandskonungur (13. Öld), Michelangelo (16.öld), Virginia Woolf (21. Öld) og svo má lengi telja en þetta fólk á margt á einhvern hátt part í því að gera sögu samkynhneigðra jafn litríka og hún er í raun og veru þar sem sýnileiki hefur ávalt verið sterkt vopn í baráttu þessa hóps²⁵.

Upphaf þeirrar réttindabaráttu samkynhneigðra sem þekkist á Vesturlöndum í dag má má rekja til hinnar svokölluðu Stone Wall byltingar í Bandaríkjunum. Þá stóðu samkynhneigðir einstaklingar upp og mótmæltu handtökum lögreglu sem höfðu verið reglubundnar. Átökin stóðu heila helgi og ultu af stað hugarfarsbreytingu í garð samkynhneigðra um allan heim.²⁶

Það sem samkynhneigðir hafa gert sér ljóst núna á 21 öldinni og ekki hvað síst eftir helför nasista og Stone Wall byltinguna er að á meðan lagalegur réttur er ekki tryggður er ekki á neinu að byggja. Þá eiga fordómar, ofbeldi og útskúfun greiða leið að þessum hópi fólks þegar hnignun samfélaga á sér stað hvort sem um er að ræða stríð, efnahagskreppur eða aðra ógæfu enda hefur það sýnt sig og endurtekið í gegnum tíðina.

Í hinum vestræna heimi hefur þó að einhverju leyti orðið talsvert mikil viðhorfsbreyting og eru Norðurlöndin fremst í flokki með sanngjarna og mannréttindasinnaða löggjöf um málefni samkynhneigðra. Réttindabaráttan er þó mjög mismunandi um heim allan og búa samkynhneigðir við afar misjöfn kjör. Sem dæmi má nefna að helstu baráttuefni samkynhneigðra á Íslandi um þessar mundir eru að ein hjúskaparlög taki gildi og þar með verða giftingar samkynhneigðra leyfðar, en allt virðist stefna í það.²⁷ Annað baráttumál sem barist er fyrir er að samkynhneigðir fái að ættleiða börn. Í Úganda er nú mikil umræða um lög sem unnið hefur verið eftir er varðar samkynhneigð en þar segir að lífstíðarfangelsi bíði þeirra sem uppvísir verða að samkynhneigð og ef viðkomandi er HIV smitaður í þokkabót er um dauðarefsingu að ræða.²⁸ Í Bandaríkjunum Norður-Ameríku hefur Obama forseti boðað betri tíma fyrir

²⁵ Lambda, án árs.

²⁶ Wright, Lionel, 1999.

²⁷ Morgunblaðið, 2010.

²⁸ Karugaba, Mary og Bekunda, Catherine, 2009.



samkynhneigða og hefur undirritað lög gegn hatursglæpum og einnig hefur hann ritað undir tilskipun sem afléttir 22 ára banni við ferðalögum alnæmissmitaðra einstaklinga til Bandaríkjanna.²⁹ Barak Obama forseti hefur einnig gefið það út opinberlega að hann muni afnema stefnu fyrri forseta Bill Clinton sem gengur undir nafninu „Don't ask, don't tell” um að samkynhneigðir megi sækja herþjónustu svo lengi sem þeir segi ekki nokkrum manni frá kynhneigð sinni.³⁰

Samkynhneigðir hafa eins og að ofan hefur lítilega verið skoðað, lifað við margskonar aðstæður, allt frá því að vera samþykktir sem partur af samfélaginu og verið fagnað sem einn hluti af litrófi mannsins, yfir í að hafa verið útskúfaðir, pyntaðir, misnotaðir og jafnvel drepnir fyrir það að elska fremur einstaklinga af sama kyni en hinu gangstæða.

3. Samfélagsþróun í Póllandi og viðhorf til samkynhneigðar

Pólland er eitt þeirra landa sem hvað verst fóru út úr síðari heimstyrjöldinni. Innrás nasista í Pólland í september árið 1939 hafði mikil áhrif á land og þjóð. Ekki voru einungis milljónir pólskra gyðinga drepnir heldur var landið allt svo illa útleikið að enn í dag má sjá merki stríðsins víða. Áttatíu og fimm prósent af Varsjá voru lögð í rúst og í stað fallegra gamalla hverfa hafa nú risið gríðarstórar steinsteyptar blokkir. Mennigarverðmætum og þar með hluta þjóðarstoltsins var tortímt og á þeim laskaða grunni þurfa Pólverjar að byggja sjálfsmynd sína í dag. Eftir seinni heimstyrjöldina hefur verið lagður mikill metnaður gagnvart menntun í Póllandi. Stúlkur fá nú til dags alls ekki síðri menntun en drengir og nánast allir eru læsir. Meðaltal ára sem einstaklingur eyðir í námi í Póllandi, frá grunnskóla og uppúr eru 16,3 ár,³¹ en til samanburðar eyða Íslendingar 18 árum í nám.³² Konur í Póllandi hafa verið að sækja í sig veðrið hvað varðar menntun og eru lengur í námi en karlar nú til dags,³³ en alveg það sama virðist vera uppi á teningnum á Íslandi. Í Póllandi hafa konur haslað sér völl á vinnumarkaðnum og eru nú komnar í margar af þeim áhrifastöðum sem ekki var völ

²⁹ Eleveld, Kerry, 2009.

³⁰ Lárus Ari, 2009.

³¹ Nation Master, 2010.

³² Nation Master, 2010.

³³ Central Intelligence Agency, 2010.



á áður, en konur eru orðnar í meirihluta í ýmsum lykilstarfsgreinum svo sem lækna- og kennarastörf.

Saga Póllands hefur í gegnum tíðina sveiflast milli mikilla sigra og afreka yfir í tímabil auðmýktar og niðurlægingar. Þjóðarsálin hefur mótast af þessum miklu öfgum og í ströngum kaþólistima hefur kreddubundnum hugmyndum og viðhorfum fólks til minnihlutahópa tekist að festa djúpar rætur í þjóðarsálinni. Það hefur því kostað grettistak að lyfta umræðunni um alla minnihlutahópa á hærra plan og ná að bæta mannréttindi samkynhneigðra í Póllandi síðan aðild landsins að ESB varð að veruleika.³⁴

3. 1. Fordómar yfirvalda í Póllandi

Fordómar innan hins opinbera kerfis fara ekki leynt í Póllandi. Svo virðist sem margir innan hins opinbera kerfis hafi unnið markvisst að því að viðhalda fordómum í garð samkynhneigðra og fáí auðveldlega að komast upp með það. Það hefur þótt heldur betra að vera á móti samkynhneigðum og að vera umburðarlaus heldur en umburðarlyndur. Það þykir ekki heyra undir fáfræði að vera á móti samkynhneigðum, eðlilegt þykir að vera umburðarlaus gangvart þessum svokallaða þjóðfélagssjúkdómi því annars gætu þeir sem með málinu standa svert heiður og orðspor Póllands.³⁵ Eins og áður hefur komið fram er Pólland að langmestu leyti kaþólskt ríki og þar af leiðandi eru pólsk stjórnsmál mjög lituð af kaþólskum skoðunum. Því komast málefni eins og fóstueyðingar og samkynhneigð auðveldlega að í pólitískum skoðanaskiptum og verða jafnvel að kosningamálum.

Stjórnsmálsmenn hægri flokkanna hafa lýst því yfir opinberlega að litið sé á samkynhneigð sem frávik og þá í neikvæðum skilningi. Ein þekktasta umræða sem farið hefur fram í þessum málaflokki í Póllandi barst alla leið inn á Evrópuþingið. Þessi umræða hófst með því að sitjandi menntamálaráðherra Póllands, Roman Giertych lét þau orð falla árið 2007 í heimsókn sinni til Þýskalands „að takmarka verði allan áróður um samkynhneigð, svo börn fáí ekki óviðeigandi sýn á fjölskylduna.”³⁶ Hugmynd pólskra stjórnvalda var að banna átti alla umræðu um málefnið innan skólakerfisins og í bígerð voru ný lög sem kváðu svo á um að allir þeir nemendur, kennarar eða yfirmenn innan skólakerfa í Póllandi sem uppvisir yrðu að

³⁴ GlobalGayz, 2002-2004.

³⁵ Kitinski, Tomek og Leszkowicz, Pawel, 2005.

³⁶ Ukgaynews, 2007.



því að vinna að réttindum samkynhneigðra yrði sagt upp, þeir sektaðir eða fengju fangelsisdóma. Pólska ríkisstjórnin lýsti einnig yfir vilja sínum til að svipuðum lögum yrði komið á annars staðar á Evrópskum vettvangi. Þá hafði umboðsmaður barna í Póllandi tilkynnt að embættið væri með í undirbúningi lista yfir störf sem samkynhneigðir væru óhæfir til að sinna. Þessi tillaga pólsku ríkistjórnarinnar hlaut ekki mikinn hljómgrunn en hlaut þess í stað hvatningu frá Evrópuþinginu að hætta við þessa lagasetningu. Evrópuþingið biðlaði til yfirvalda Póllands að „fordæma opinberlega og gera viðeigandi ráðstafanir gegn yfirlýsingum opinberra leiðtoga sem ýta undir misrétti og hatur á grundvelli kynhneigðar”³⁷, en ennfremur hvatti þetta til þess að Evrópuþingið krafðist aðgerða og lagði fram tillögu um að senda hóp til Póllands sem myndi safna staðreyndum um stöðu samkynhneigðra þar í landi með það fyrir sjónum að fá skýra mynd af ástandinu þar í landi.³⁸

Samkynhneigð hefur verið baráttumál milli stjórnmalaflokka og valdabaráttu þeirra á milli, auk þess að vera notuð til þess að sverta mannorð einstakra stjórnmalamanna. Þó hafa sterkir réttisynir stjórnmalamenn lagt sitt af mörkum í þeirri erfiðu baráttu sem þessi minnihlutahópur á fyrir höndum. Eitt þekktasta dæmið sem óhætt er að segja að hafi valdið miklum usla innan pólsks samfélags var þegar lagt var fram frumvarp um borgaralega staðfestingu á sambandi samkynhneigðra til öldungadeildar Póllands. Þetta fræga frumvarp var lagt fram af vinstrisinnuðu þingkonunni Pr. Maria Szyszkowska í Öldungadeild í ágúst 2003, en frumvarpið vann hún í sameiningu við samtök samkynhneigðra í Póllandi. Í frumvarpinu voru meðal annars tillögur til að bæta almenn réttindi samkynhneigðra og annara minnihlutahópa. Þau hljóðuðu svo: að samkynhneigðir gætu skráð sig í staðfesta samvist, að lög væru um arf eftir dauða maka, réttur til að skila sameiginlegum sköttum, leyfi til heimsóknna á sjúkrahús, og margt fleirra, en miðaðist frumvarpið þó sérstaklega út frá efnahagslegum sjónarmiðum. Frumvarpið þvældist um á þinginu í ár, en að lokum fékk það 36 af 100 mögulegum undirskriftum sem eingöngu komu frá vinstri flokkunum þar í landi. Skemmst er frá því að segja að frumvarpinu var margoft frestað og endaði það í neðra þinginu í Póllandi þar sem það var að lokum svæft.³⁹

³⁷ BBC News, 2007.

³⁸ Ukgaynews, 2007.

³⁹ Abramawicz, Marta, 2006, bls 46 – 47.



3. 2. Þjóðtrú Pólverja og áhrif hennar á málefni samkynhneigðra.

Austur-Evrópulöndin hafa sín eign gildi og viðmið eins og öll önnur lönd innan ESB. Gildi Austur-Evrópulandanna eru mikið til lituð af kaþólskri trú og þar með eru þeirra hefðbundnu gildi nokkuð á skjön við gildi hinna vestrænni aðildarríkja ESB, þetta á þó sérstaklega við um Pólland. Þetta hefur allt haft mikil áhrif á líf samkynhneigðra einstaklinga enda eru 95% allra Pólverja kaþólskrar trúar.⁴⁰ Ástæðu þess að svo hátt hlutfall íbúa hefur haldið sig við kaþólska trú má hugsanlega meðal annars rekja til þess að Páfinn var til langs tíma pólskur (en ekki verður skoðað nánar hvers vegna Pólverjar eru flestir kaþólskir). Flestir kannast við Jóhannes Pál II, en hann gegndi æðsta embætti kaþólsku kirkjunnar frá árinu 1978 þegar hann var kosinn páfi og allt til dauðadags árið 2005.⁴¹

Kaþólska kirkjan hefur alla tíð látið í ljós ákveðin neikvæð viðhorf til samkynhneigðar og margar yfirlýsingar frá Páfagarði hafa vakið undrun og reiði víða um heim en hafa að sama skapi styrkt stoðir og ýtt undir frekari fordóma og íhaldssemi á þeim vettvangi. Skemmst er að minnast nýlegrar yfirlýsingar sem kom frá næstæðsta manni í valdalínu Vatíkansins sem hljómaði á þá leið að barnanið innan kaþólsku kirkjunnar væri ekki tilkomið vegna skírlífis einstaklinganna heldur samkynhneigðar þeirra.⁴² Þessi skoðun sem kemur frá æðstu stofnun kirkjunnar berst út um allan heim með heimspressunni og grefur undan réttarstöðu samkynhneigðra og þá sérstaklega í löndum eins og Póllandi þar sem jarðvegurinn fyrir slík viðhorf er góður.

3. 3. Samkynhneigðir innan Evrópusambandsins

Því er óhætt að halda fram að margt hafi breyst á stuttum tíma í réttindabaráttu samkynhneigðra almennt innan Evrópu síðan á sjötta og sjöunda áratugnum. Jákvæðar breytingar hafa orðið en margar þeirra má rekja til samstarfs milli Evrópuríkja. Annar stór þáttur í þeirri jákvæðu þróun er vinna hagsmunasamtaka í þágu samkynhneigðra.

Samtök LGBT í Evrópu IGLAE (The International Lesbian and Gay Association-Europe), er hluti að IGLA(The International Lesbian and Gay

⁴⁰ Poland, 2010.

⁴¹ New Advent, 2009.

⁴² The Guardian UK, 2010.



Association)⁴³ en IGLAE voru stofnuð árið 1996 út frá IGLA samtökunum. IGLA eru samtök alþjóðlegs og svæðisbundis tengslanets sem hefur það að markmiði að ná jöfnum rétti hinsegin fólks á við gagnkynhneigða. Evrópusamtökin hafa sama hlutverki að gegna og hin alþjóðlegu en einblína á að vinna störf sín innan Evrópu. Aðildarfélög samtakanna í Evrópu eru um 300 talsins og spanna staðbundin minni félög í allri Evrópu samanber Samtökin '78, hagsmunasamtök samkynhneigðra á Íslandi.⁴⁴

Staðfest hefur verið frá Evrópuþinginu í fréttatilkynningu þann 11/02/2010, að eitt af skilyrðum þess að geta gengið inn í ESB verða umsóknarlöndin að virða réttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og kynskiptinga (LGBT rights). Þessi skilyrði eru áminning ESB til núverandi aðildarríkja og umsóknarlanda að vernd alla minnihlutahópa sé, án undantekninga, skilyrði fyrir inngöngu í sambandið og að um það verði ekki hægt að semja. Með þessu vill ESB hvetja umsóknarlöndin Króatíu, Makedóníu og Tyrkland að verða við því að veita þessum sem öðrum minnihlutahópum vernd með lögum, sem þau verða að gera til þess að geta átt kost á því að geta gengið inn í ESB.

Nokkur lönd sóttu það fast að þurfa ekki að staðfesta Lissabonsáttmálann eða að minnsta kosti ekki allar greinar hans. Síðustu þrjú löndin sem skrifuðu undir sáttmálann þráuðust lengi við en það voru Írland, Pólland og Króatía. Eins og áður var sagt fylgdi Pólland í kjölfar Írlands og skrifaði undir sáttmálann en þá var þá Króatía orðin ein eftir. Evrópuþingið fjallaði um mál þessara þjóða og annarra um mikilvægi þess að fylgja sáttmálanum í hvívetna. Það er ekki að ástæðulausu sem þetta málefni fór í gegnum þingið, enda hefur þótt mikilvægt hingað til að allir borgarar ESB njóti almennra mannréttinda.⁴⁵

Samkynhneigðir innan ESB horfa til mjög bjartrar framtíðar eftir að ESB tók skýra afstöðu gegn fordómum og mismunum. ESB hefur fyrirskipað öllum aðildalöndum sínum að þeim beri að virða mannréttindi minnihlutahópa og að þeir eigi að hafa skýrar reglur um jöfn réttindi fólks í hverju landi fyrir sig. Þetta mun að öllum líkindum taka sinn tíma þar sem viðhorfsbreytingar verða ekki á einni nóttu en leiðin er svo sannarlega greiðari. Búið er að gera regluverkið skýrara og þá er sú vinna

⁴³ International lesbian, gay, bisexual, trans and intersex association, 2010.

⁴⁴ IGLA Europe, 2010.

⁴⁵ IGLA Europe, 2010.



sem hagsmunasamtök samkynhneigðra eiga fyrir höndum að minnsta kosti réttindavarin af ESB og þeim löndum sem tilheyra sambandinu.

3. 4. Staða samkynhneigðra í Póllandi fyrir inngöngu í Evrópusambandið

Fyrir inngöngu Póllands inn í ESB giltu engin lög um sambúðar- eða hjónabandsform fyrir samkynhneigða. Í pólsku stjórnarskránni sem er frá árinu 1997 segir í 32. grein að allir eigi að vera jafnir fyrir lögum og menn eigi rétt á því að jafnt sé komið fram við alla af yfirvöldum. Engum má mismuna vegna pólitískra, félagslegra eða efnahagslegra ástæðna eða undir neinum öðrum kringumstæðum.⁴⁶ Þrátt fyrir að þetta standi í þeirra ædstu lögum, stjórnarskránni, hafa samkynhneigðir í Póllandi liðið mikla mismunun í heimalandi sínu. Hægt er að gera ráð fyrir að mikið hafi verið brotið á mannréttindum þeirra einstaklinga sem tilheyra þessum minnihlutahópi vegna mikilla fordóma í samfélaginu. Fordómar leynast allsstaðar í pólsku samfélagi. Gert hefur verið grín að samkynhneigðum, ekki var óalgengt að lenda í andlegu ofbeldi og einnig voru nokkrar líkur á að einstaklingar lentu í líkamlegu ofbeldi. Fólk varð fyrir leiðindum í vinnu sinni og eins og áður hefur komið fram eru dæmi um það að fólk hafi sagt upp vinnu sinni vegna slíkra atvika. Mörg önnur dæmi eru til um margskonar mismunun samkynhneigðra en nánar verður fjallað um það síðar í þessum kafla.

Eins og áður hefur komið fram er Pólland kaþólskt ríki sem hefur átt hluta að máli í mótun rótgróinna viðhorfa í þjóðarsálinni um hvernig hjónabandið, fjölskyldan og almenn hegðun eigi að vera. Þessar skoðanir og hugmyndir sem þrífast innan Póllands samrýmast ekki vel hugmyndum Vestur -Evrópu ríkja, og hefur Pólland því án efa þurft að endurskoða hugmyndir sínar um hvernig túlka eigi mannréttindi og mannréttindabrot gagnvart samkynhneigðum hvernig svo sem skoðunum þeirra á þeim málum er háttað. Aukin opin umræða á alþjóðavettvangi síðastliðna einn til tvo áratugi hefur opnað fyrir umræðu sem skapast hefur um málefni samkynhneigðra um víða veröld og einnig í Póllandi.

Mörg hagsmunasamtök samkynhneigðra hafa skotið niður rótum í Póllandi, til dæmis má nefna samtök sem hve bestum árangri hafa náð í baráttu sinni fyrir réttindum þessa hóps í Póllandi til þessa. Samtökin sem ganga undir nafninu „Campaign Against Homophobia” (eða hér eftir: CAH). Hópurinn var stofnaður þann 11 september 2001 og sjá þau meðal annars um það verkefni að sameina önnur

⁴⁶ The constitution of the republic of Poland, 1997.



hagsmunasamtök sem vinna í þágu samkynhneigðra í jafnréttis- og mannréttindamálum.⁴⁷ CAH sér einnig um árlega viðburði á borð við svokallaðar umburðarlyndishátíðir. Ekki má gleyma að þeir sjá einnig í samvinnu við önnur samtök sem berjast fyrir samkynhneigða í landinu um að skipuleggja jafnréttisgöngur eða Gay pride göngur þar í landi. Herferð sem CAH stóð að og varð mjög fræg en umdeild, bar nafnið “Látum þau sjá okkur”. Herferðin fór fram í samstarfi við systurfélög CAH árin 2003 og 2004 í nokkrum stærstu borgum Póllands: Gdansk, Warsaw, Bialystok, Lublin, Kracow, Poznan, Wroclaw, Łódz, og Katowice og gekk herferðin út á það að gera samkynhneigða sýnilega hinum almenna borgara og vekja athygli á málstaðnum. Í þeirri herferð voru teknar myndir af nokkrum samkynhneigðum þörum. Myndirnar voru síðan settar á auglýsingaskilti og í strætóstoppustöðvar víðs vegar um þær borgir sem áður voru nefndar.⁴⁸

4. Könnun á lífsgæðum samkynhneigðra innan ESB

Til að skilja betur þá aðstöðu sem samkynhneigðir í Póllandi bjuggu við fyrir og við inngönguna í ESB verða nú þrjár kannanir skoðaðar og lítilsháttar samanburður gerður á þeim. Kannanirnar voru allar gerðar á árunum 2001-2006 og gefa því ágæta mynd af stöðu mála í pólsku samfélagi hvað varðar lífsgæði þessa hóps. Farið var ofan í helstu niðurstöður kannananna og verður þeim gerð skil hér að neðan.

4. 1. Könnun 1: „Að mæta áskorun um aðild”

Gerð var könnun innan þeirra landa sem sóttust eftir aðild í ESB, en hún kom út árið 2004. Könnunin fjallaði um mismunun á grundvelli kynhneigðar, Að mæta áskorun um aðild (e. Meeting the challenge of accession) og var framkvæmd af Gallup Europe á árunum 2001-2003. Könnunin var lögð fyrir samkynhneigða, tvíkynhneigða og kynskiptinga í Ungverjalandi, Slóveníu, Rúmeníu, Möltu, Slóvakíu, Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Tékklandi og Póllandi.

Með þessari könnun sést glögglega að þrátt fyrir að lagalega hliðin hafi lagast mikið á undanförunum árum er ekki hægt að segja það sama um félagslegu hliðina. Hægt er að halda því fram að í öllum þessum löndum sé frekar neikvætt eða mjög neikvætt viðhorf til samkynhneigðra og annarra svipaðra minnihlutahópa.

⁴⁷ The constitution of the republic of Poland, 1997.

⁴⁸ Campaign Against Homophobia, 2010.



Taka skal mið af því að einungis voru skoðaðar tölur sem áttu við þessa ritgerð, það er að segja, um Pólland en úrtakið er samtals 215 manns. Margvíslegar upplýsingar koma fram í skýrslunni um almenna stöðu samkynhneigðra fyrir inngöngu áður nefndra landa inn í ESB.

En ef við snúum okkur að skýrslunni þá kemur fram að aðeins 51% af öllum lesbíum, hommum, tvíkynhneigðum og kynskiptingum (hér eftir LGBT) einstaklingum hafði sagt fjölskyldu sinni frá kynhneigð sinni. Að sama skapi höfðu um 70% sömu einstaklinga komið út úr skápnum gagnvart vinum sínum.⁴⁹ Þeir einstaklingar sem höfðu lent í líkamlegu ofbeldi, voru um 20% af heildinni. Áhugavert er að 40% þeirra sem lent höfðu í líkamlegu ofbeldi höfðu lent oftast en þrisvar sinnum í því, um 10% höfðu lent í því tvisvar sinnum, en 50% höfðu lent einu sinni í líkamlegu ofbeldi. Þessar tölur eru mjög háar. Þeir sem aftur á móti höfðu orðið fyrir andlegu ofbeldi, en þá er átt við móðgandi og niðurlægjandi háttarni og annarskonar hótanir, voru yfir helmingur þáttakenda eða um 51%, sem þótti í þessari könnun tiltölulega há tala. Ennfremur kemur fram að þeir einstaklingar sem lent höfðu í þessu áreiti höfðu í 65% tilvika lent þrisvar sinnum eða oftast í slíkri aðstöðu, þeir sem hafa lent einu sinni eða tvisvar sinnum í slíku athæfi skiptust jafnt eða 17,5% á hvorn hóp.⁵⁰

Þau lög sem gilda um mismunun á vinnustað er afar sterk í ESB og þar af leiðandi einnig í Póllandi, enda sýna tölur úr könnuninni lága tíðni þess að LGBT fólki sé neitað um vinnu eða neitað um stöðuhækkun. Aftur á móti segjast um 25.5% svarenda að þeir hafi þurfað að þola ýmiskonar neikvætt áreiti og hótanir á vinnustað sínum. Margir svarendana halda kynhneigð sinni leyndri fyrir samstarfsfólki sínu og yfirmönnum. Notuðust þessir einstaklingar við þá aðferð, þ.e. að deila ekki einkalífi sínu eða að minnsta kosti ekki kynhneigð sinni til þess að koma í veg fyrir að lenda í slíkum leiðindum á vinnustað.⁵¹

Þá er ónefndur annar mjög mikilvægur hlutur, en það eru húsnæðismálin. Um 70% svarenda í könnuninni sögðust leynd kynhneigð sinni fyrir leigusala sínum og nágörnum til þess að forðast hvers kyns átök og mismunun. Reynslan í Póllandi hefur sýnt að mikil mismunun vegna kynhneigðar á sér stað á hinum almenna

⁴⁹ IGLAE, 2004, bls 9 – 14.

⁵⁰ IGLAE, 2004, bls 16 – 17.

⁵¹ IGLAE, 2004, bls 27 – 32.



leigumarkaði og undirstrikar könnunin þá staðreynd. Könnunin sýndi að 67,6% svarenda hafði verið neitað um leigu á húsnæði vegna kynhneigðar sinnar.⁵²

4. 2. Könnun 2: „Könnun 2001, um mismunun og umburðarleysi vegna kynhneigðar í Póllandi”

Í könnun þeirri sem kom út árið 2002, en hún var lögð fyrir á sama tímabili og fyrri könnunin, eða árið 2001 og ber hún nafnið, Könnun 2001, um mismunun og umburðarleysi vegna kynhneigðar í Póllandi (e. Report 2001, on discrimination and intolerance due to sexual orientation in Poland). Átti könnunin að varpa ljósi á líf og stöðu LGBT fólks í Póllandi á tímabilinu. Í þeirri könnun var þó var lögð sérstök áhersla á að skoða stöðu þeirra út frá vinnustað. Ekki verður farið nákvæmlega í alla liði í þeirri könnun, þar sem hún einblínir sérstaklega á mismunun á vinnustað, heldur verða skoðaðir þeir hlutar sem sambærilegir eru við hina könnunina sem áður var skoðuð. Skoðaðir verða einstakir þættir til glöggvunnar sem koma fram um félagslegar aðstæður LGBT fólks í Póllandi. Úrtakið í þessari könnun er samtals 632 einstaklingar.

Þar kemur fyrst fram að 61,4% þáttakenda í könnuninni höfðu komið út úr skápnunum fyrir fjölskyldu sinni en 30,4% höfðu ekki sagt frá kynhneigð sinni, en í fyrri könnuninni höfðu um 10% færri sagt fjölskyldunni sinni frá kynhneigð sinni. Einnig hafði þeim fjölgað sem sagt höfðu vinum sínum frá kynhneigð sinni eða samtals 84,8% en til samanburðar höfðu þeir sem sagt höfðu vinum sínum í hinni könnuninni verið um 70%. Þeir sem höfðu lent í líkamlegu ofbeldi voru 14,2%. Af þeim höfðu 30% lent þrisvar sinnum eða oftár í líkamlegu ofbeldi. 25,6% höfðu lent í því tvisvar sinnum en 43,3% einu sinni. Þessu til samanburðar voru 20% af þáttakendum sem höfðu lent í líkamlegu ofbeldi í fyrri könnuninni.

Afar lág prósentu eða í kringum 1% höfðu orðið fyrir þeirri reynslu að verða neitað um vinnu eða neitað um stöðuhækkun sökum kynhneigðar, en 2,4% var sagt upp störfum sökum kynhneigðar. Þetta gefur sterklega til kynna að vinnulöggjöfin sé sterk þar í landi.

Annað, og mun verra, var að skoða tölur um áreiti á vinnustað vegna kynhneigðar. Um 18% þurftu að líða mismunun eða áreiti á vinnustað vegna

⁵² IGLAE, 2004, bls 35 – 36.



kynhneigðar sinnar eða gruns um samkynhneigð. Til samanburðar þá voru það um 25,5% í fyrri könnuninni. Þá fundu rúmlega 75% þeirra sem tóku þátt í könnuninni þörf hjá sér til þess að fela eða ekki ræða kynhneigð sína á vinnustað eða vinnustöðum.

Í húsnæðismálum þá leyndu um 56,9% þátttakenda kynhneigð sinni fyrir leigusala eða nágrönnum en í fyrri könnuninni var það um 70%.⁵³

4. 3. Könnun 3: „Staða tvíkynhneigðra og samkynhneigðra einstaklinga í Póllandi, 2005 og 2006 skýrslan”

Þriðja, og jafnframt síðasta könnunin sem tekin er fyrir, er frægasta könnun sem gerð hefur verið á stöðu samkynhneigðra í Póllandi síðastliðinn áratug. Sú könnun er ívið viðameiri en fyrri tvær og með mun stærra úrtaki. Þessi könnun ber nafnið, Staða tvíkynhneigðra og samkynhneigðra einstaklinga í Póllandi, 2005 og 2006 skýrslan (e. Situation of bisexual and homosexual persons in Poland, 2005 and 2006 report) og var framkvæmd af Campaign Against Homophobia (CAH) og Lambda Warsaw Association.

Úrtakið í þessari könnun voru 1002 manns. Könnunin gekk út á að skoða stöðu samkynhneigðra í Póllandi frá janúar 2005 til desember 2006. Ekki kom fram í þessari könnun hvort þátttakendur höfðu sagt fjölskyldu eða vinum frá kynhneigð sinni.

Í könnuninni kom í ljós að 17,6% höfðu lent í líkamlegu ofbeldi þ.e. lent í einum eða fleiri en einum atburði af eftirfarandi: verið ýtt, lamin, sparkað í eða togað í, líkamleg árás með vopni, kynferðisleg árás þ.e. óvelkomin líkamleg snerting, nauðgun eða tilraun til nauðgunar, eða annaskonar líkamlegt ofbeldi. Þá höfðu 41% af áður nefndum 17,6% lent þrisvar sinnum eða oftar í líkamlegu ofbeldi, 18% tvisvar sinnum og 39% einu sinni.

Andlegt ofbeldi er hugtak sem notað er yfir margskonar hluti. Í þessari könnun var það skilgreint sem eitthvað af eftirfarandi: munnlegt áreiti, móðganir, niðurlæging, hótanir, útbreiðsla neikvæðra athugasemda um viðkomandi, haturspóstur til viðkomandi eða fjölskyldumeðlima þeirra, fjárkúgun, skemmdir á eignum og svo framvegis. Þeir sem upplifað höfðu andlegt ofbeldi af þessu tagi voru 51% af

⁵³ Kliszczynski, Krzysztof og Dudala, Marcin, 2001.



heildarúrtakinu, en 70% af þeim hluta hafði lent í slíkri upplifun þrisvar sinnum eða oftar, 12,4% tvisvar sinnum en 17,6% einu sinni. Af þeim sem voru í vinnu eða 595 manns af heildarúrtakinu lentu 10,3% af þeim sem ekki leyndu kynhneigð sinni á vinnustað í að fá lélegri meðferð á vinnustaðnum en aðrir. 611 manns svöruðu spurningu um hvort þeim sem fannst þeir þurfa að fela kynhneigð sína alveg á vinnustað sínum og svöruðu 34,2%, því játandi. Þeir sem sögðu einhverjum samstarfsmönnum sínum frá kynhneigðinni voru 51,4%.

Þeir sem falið höfðu kynhneigð sína fyrir nágrönnum og leigusölum af ótta við höfnun voru 62,2% af þeim 949 sem svöruðu spurningunni. 37,3% svöruðu neitandi en aðrir voru 0,5%. Þeir sem földu þá staðreynd, að þeir væru í sambúð með einstaklingi af sama kyni, voru 46,4% af þeim 377 manns sem svöruðu spurningunni, en þeir sem ekki földu þá staðreynd voru 53,6%.

Þeir sem fengu verri heilbrigðisþjónustu vegna kynhneigðar sinnar voru 23,5% af þeim 196 manns sem svöruðu spurningunni. Þeir sem svöruðu spurningunni neitandi voru 76,5%.⁵⁴

Sú mismunun sem bönnuð er samkvæmt Mannréttindaskrá ESB kemur meðal annars fram í því að samkynhneigðir hafa fengið lélegri eða jafnvel enga þjónustu á almenningsstöðum. Má þar nefna afgreiðslu á börum eða aðgang að almenningsgöngum. Samkvæmt könnuninni voru þeir sem fengu öðruvísi framkomu en aðrir á almenningsstöðum vegna kynhneigðar sinnar 32%, en 68% fengu venjulega meðferð.

Þessi síðasta könnun var framkvæmd eftir að Pólland gekk inn í ESB. Þrátt fyrir það virðast, ef bornar eru saman þessar þrjár skoðannakannanir, litlar breytingar hafa orðið þessi fyrstu tvö ár sem Pólland var í ESB. Svo virðist ef marka má samanburð milli þessara kannana sem að bæði andlegt og líkamlegt ofbeldi sé heldur að aukast ef eitthvað er. Þar inn í gæti spilað að með aukinni réttindabaráttu samkynhneigðra og aukins sýnileika þeirra innan pólsks samfélags, hefur þeim mun meiri umræða skapast um þessi málefni. Það ýfir upp fordóma og áróður manna sem eru haldnir fordómum og umburðarleysi gagnvart samkynhneigðum.

Þessi breyting varð þó til hins verra á fyrstu árum Póllands innan ESB gerir það að verkum að upp vakna spurningar um ágæti þess, fyrir stöðu samkynhneigðra, að hafa farið þar inn. Það verður þó í þessu tilliti að horfa á heildamyndina og það

⁵⁴ Campaign Against Homophobia, 2007.



sem hefur gerst er að örlítil hugarfarsbreyting hefur gert vart við sig undanfarið í Póllandi. Þær má rekja til þrotlaustar vinnu samtaka samkynhneigðra þar í landi til baráttu mannréttinda samkynhneigðra og leiðréttingu á þeirri mismunun sem þeir sætta.

5. Lissabonsáttmálinn

Lissabonsáttmálinn var afar mikilvægur í framvindu Evrópusambandsins. Það tók langan tíma að koma honum saman og fá hann undirritaðan, en á leiðinni breyttist hann töluvert frá því sem upphaflega var lagt upp með. Samningurinn tók á mörgum málum og átti meðal annars að verða einskonar stjórnarskrá Evrópusambandsins sem leiðtogar ríkjasambandsins samþykktu árið 2004. Sáttmálann þurfti að samþykkja með þjóðþingi aðildarríkjanna allra eða með þjóðaratkvæðagreiðslu í hverju landi fyrir sig. Það fór svo að Lúxemborg og Spánn samþykktu sáttmálann árið 2005 en Holland og Frakkland höfnuðu honum í sínum þjóðaratkvæðagreiðslum. Nóg þótti að tvær þjóðir skyldu fella samninganna í þjóðaratkvæðagreiðslu. Þessar tvær síðarnefndu þjóðaratkvæðagreiðslur komu allri þessari vinnu í mikið uppnám og ullu því að á endanum var hætt við stjórnarskrársáttmálann eins og hann hafði verið í upphafi. Því var farið í að vinna að nýjum sáttmála. Notast var við það sem hægt var úr stjórnarskrársáttmálanum og tók við sú vinna að laga sáttmálann að stækkun sambandsins og þeim stjórnsýslubreytingum sem þörf var á. Þann 13. desember 2007 var síðan skrifað undir sáttmálann í Lissabon í Portúgal, og gengur hann nú undir nafninu Lissabonsáttmálinn.

Aðalmarkmið Lissabonsáttmálans var að gera ESB lýðræðislegra og skilvirkara en það bákn sem það hefur orðið frægt fyrir að vera. Einnig var hugmyndin sú að skýra betur hver völd sambandsins séu og hver völd ríkjanna eru. Eins og áður sagði, þá er endanleg útgáfa af sáttmálanum töluvert breytt frá því sem upphaflega var lagt upp með, en meðal mestu breytinganna sem ráðist var í var sú að Maastrichtsamkomulaginu sem var hið fræga þriggja stoða kerfi var breytt. Einnig er mikilvægt að nefna að ESB fékk forseta sem er kosinn til 2,5 ára í senn en aldrei þó sami einstaklingur oftast en tvisvar. Þetta þótti mikilvægur partur því þjóðhöfðingjar utanaðkomandi þjóða vissu ekki hvern átti að hafa samband við ef brýn nauðsyn var og því er forsetinn meðal annars andlit sambandsins út á við. En það sem mikilvægast



er við samþykktina og viðkemur þessari ritgerð er að með þessu samkomulagi varð réttindaskráin lagalega bindandi í öllum löndunum.⁵⁵

Þrátt fyrir að innganga Póllands inn í ESB hafi verið árið 2004 breyttist lítið á þessum fyrstu árum aðildarinnar hvað varðar aukningu á mannréttindum fyrir samkynhneigða þar í landi. Vissulega voru samkynhneigðir vongóðir við inngönguna um að með henni myndu hagir þeirra batna til muna, og biðu þeir eftir breytingum og leiðréttingu á þeirri mismunun sem þeim hafi verið boðið uppá innan lagaramma Póllands. En eins og áður sagði þá gerðist lítið fyrstu árin og fór fordómum og aðgerðahópum gegn samkynhneigð jafnvel fjölgandi. Meiri harka færðist inn í umræðuna og umburðarlyndið minnkaði.

6. Áhrif Lissabonsáttmálans á stöðu samkynhneigðra í Póllandi

Áhrifum af Lissabonsáttmálanum gagnvart samkynhneigðum skipti sköpum fyrir þá réttindavinnu sem hafði verði unnið að í Póllandi. Lissabonsáttmálinn hafði boðað nýja og betri tíma í þeim löndum sem áður höfðu engin sérstök lög sem kváðu á um réttindi samkynhneigðra. Þó voru félagslegu og lagalegu viðmiðin sem fjölluðu um samkynhneigð langt frá því að vera þau sömu í mörgum þessara landa.⁵⁶

Sprengja varð þó í umfjöllun um samkynhneigð í pólskum fjölmiðlum, bæði jákvæð og neikvæð, en mikið var þó fjallað um áhyggjur ESB um stöðu þessa minnihlutahóps og réttindaleyfi hans. Eina vopnið sem ESB hafði í baráttu sinni var að reyna að höfða til hins betri manns þeirra pólsku stjórnámálmanna sem þeir voru í samstarfi við. Pólverjar tóku mark á öllu sem í Lissabonsáttmálanum stóð, nema það sem stóð í 21. gr. réttindaskrárinnar frá árinu 2000, um að ekki mætti mismuna á grundvelli kynhneigðar. Þar sem réttindaskráin var sáttmáli en ekki lagalega bindandi, sáu pólsk yfirvöld sér þann leik á borði að einfaldlega horfa framhjá þessum orðum.

6. 1. Lissabonsáttmálinn lagalega bindandi

Forseti Póllands Lech Kaczyński skrifaði undir Lissabonsáttmálann sem gerði hann lagalega bindandi í Póllandi þann 10 október 2009.⁵⁷ Áður en að því kom hafði mikið

⁵⁵ Europa, treaty of Lisbon, 2009.

⁵⁶ C.Waaldijk & M. Bonini-Baraldi, 2006, bls 65 – 67.

⁵⁷ President of Poland, 2009.



gengið á enda neitaði Pólland að skrifa undir sáttmálann ásamt Tékkalandi og Írlandi. Þrátt fyrir að pólska þingið hefði samþykkt sáttmálann í apríl 2009, var það ekki nóg, forsetinn varð að staðfesta hann svo hann yrði lagalega bindandi. Kaczynski hélt því fram að það væri tilgangslaust fyrir hann að undirrita sáttmálann nema öll löndin ætluðu sér að staðfesta hann.⁵⁸ Þá var Kaczynski að vísa til neitunar sem kom út úr þjóðaratkvæðagreiðslu Írlands í júní það sama ár.⁵⁹ En Írar héldu sína aðra þjóðaratkvæðagreiðslu og snerist niðurstaðan frá fyrri atkvæðagreiðslunni við og samþykktu Írar Lissabonsáttmálann í byrjun október 2009.⁶⁰ Við það var forseti Póllands knúinn til þess að standa við orð sín um að ef Írland myndi samþykkja sáttmálann að þá myndi hann skrifa undir hann til staðfestingar fyrir hönd Póllands. Við undirskrift hans í forsetahöllinni hélt Kaczynski litla ræðu þar sem hann meðal annars sagði að það væri raunverulega Írum að þakka, að þeir skyldu skipta um skoðun og samþykkja sáttmálann í sínu landi, að hann væri að undirrita sáttmálann fyrir hönd Póllands. Einnig sagði hann að þetta væri sögulegur dagur fyrir Pólland og ESB.⁶¹

Eins og kemur fram síðar í verkefninu í kaflanum „Samkynhneigðir innan Evrópusambandsins” hafa komið mjög skýr skilaboð frá sambandinu um að þegar lög og reglur sambandsins eru samþykktar ber þjóðum sem það gera að fara eftir þeim í einu og öllu. Ekki stendur til boða að velja úr ákveðna málaflokka sem þeim mislíkar og fara ekki eftir ákvæðum laga um þau málefni.

7. Staða samkynhneigðra í Póllandi eftir sáttmálabreytingu

Innganga Póllands inn í ESB er líklega eitt það besta sem komið hefur fyrir mannréttindabaráttu þar í landi um langt skeið. Þrátt fyrir að innganga Póllands inn í ESB hafi ekki eingöngu dugað sem slík fyrir auknum mannréttinum samkynhneigðra þar í landi, heldur hafi þurft að gera Lissabonsáttmálann lagalega bindandi til þess að verða virkan þar í landi, eins og áður hefur komið fram. Þrátt fyrir það er það ljóst að inngangan hefur flýtt fyrir mannréttindum í garð minnihlutahópa til muna. Þó að í þessari ritgerð sé verið að einblína á samkynhneigða þá á inngangan í ESB eftir að gagnast mörgum öðrum minnihlutahópum til dæmis fötluðum. Líklega hefði þetta

⁵⁸ BBC News, 2008.

⁵⁹ Telegraph UK, 2008.

⁶⁰ The Guardian, 2009.

⁶¹ Telegraph UK, 2009.



ferli aukinna almennra mannréttinda orðið mun lengra en raunin hefur verið vegna aðildar landsins að ESB og eru ummerki um bata á mannréttindum samkynhneigðra strax farin að líta dagsins ljós. Hér að framan kom fram að fyrstu breytingar á högum samkynhneigðra voru til hins verra en var það að öllum líkindum vegna aukinnar umfjöllunar um málefnið sem vakti ólgu í pólsku samfélagi. Í dag, 6 árum síðar, horfir málið öðruvísi við. Nú eru marktækar breytingar til hins betra að líta dagsins ljós og sem dæmi um það má nefna að hinar árlegu baráttugöngur samkynhneigðra voru bannaðar ár eftir ár en eru nú partur af menningu samkynhneigðra þar í landi. Annað dæmi sem sýnir fram á raunveruleg batamerki er dómsmál sem féll í Mannréttindadómstóli ESB þann 2. mars 2010. Verður það mál nú reifað hér að neðan.⁶²

7. 1. Kozak V Pólland

Maður að nafni Piotr Kozak hafði búið í leiguíbúð í Szczecin í Póllandi ásamt sambýlismanni sínum til nokkurra ára. Sambýlismaður Kozak lést í apríl 1998 en þeir höfðu verið í sambúð frá árinu 1989 og Kozak hafði þá hug á að leigja íbúðina áfram. En þar sem íbúðin hafði verið skráð á nafn sambýlismannsins, hélt sveitarfélagið því fram að Kozak hefði aldrei búið í íbúðinni fyrir dauða sambýlismannsins og skipuðu honum að flytja út úr íbúðinni í júní 1998. Árið 2000 var útburðarbeiðninn enn í bið, vegna þess að Kozak hélt ítrekað áfram að berjast fyrir leigurétti sínum í íbúðinni út frá lögum sem giltu um leigu á bústöðum og húsnæðishlunnindum frá 1994 þar í landi. Kozak hélt því fram að samkvæmt þessum lögum ætti hann rétt á að halda íbúðinni vegna þess að hann hefði rekið heimili í sameiningu og í reynd „*de facto*”⁶³ búið með sambýlismanni sínum til nokkurra ára í þessu húsnæði.

Slíkt hjúskaparform meðal gagnkynhneigðra er samþykkt í Póllandi og ef Kozak hefði verið í sambúð með konu sem hefði látist þá hafði hann fengið leigusamninginn færðan yfir á sitt nafn án nokkurra vandkvæða. Skemmst er frá því að segja að dómurinn dæmdi sveitarfélaginu í vil meðal annars vegna þess að þáverandi pólsk lög kváðu á um að slíkur hjúskapur sem Kozak var í væri einungis löglega viðurkenndur ef um gangkynhneigt þar væri að ræða.

⁶² Pink Paper, 2010.

⁶³ De facto þýðir í reynd. Í þessu tilviki sambúð í reynd.



Kozak áfrýjað dóminum til svæðisdóms sem staðfesti fyrrnefndan dóm í júní 2001. Svæðisdómurinn neitaði einnig beiðni Kozaks um að áfrýja dómi sínum til Hæstaréttar í Póllandi. Kozak vildi að Hæstiréttur myndi skera úr um það hvort að „de facto” sambúð ætti einnig við sambönd einstaklinga af sama kyni. Svæðisdómurinn neitaði að fá úrskurð frá stjórnarskrárdómstólum um það hvort þessi ákvæði væru skilin þannig að aðeins gagnkynhneigðir einstaklingar gætu búið löglega við slíkt sambúðarform, og hvort það samrýmdist pólsku stjórnarskránni og öðrum samningum um mannréttindi sem Pólverjar eru aðilar að.

Kozak notaðist við þær lagagreinar sem gögnuðust honum þá og hélt því fram að samkvæmt 14 grein (bann við hverskonar mismunun)⁶⁴ Rómarsáttmálans með tenginu við 8 greinina (réttur til friðhelgi heimilis, einkalífs, fjölskyldulífs og bréfaskrifta)⁶⁵ að pólskir dómstólar hefðu mismunað honum á grundvelli kynhneigðar hans með því að neita honum um rétt til að halda leigusamningi íbúðarinnar eftir dauða sambýlismanns síns.

Kozak lagði málið fyrir Evrópudómstóla en pólska ríkið lagði áherslu á í vörn sinni til Evrópudómstólsins að innanlandsdómurinn hefði dæmt á þeim forsendum að Kozak hefði ekki náð að uppfylla lögbundin skilyrðum þar í landi til þess að eiga rétt á að taka við leigusamningnum. Skilyrðin voru að hann þurfti að vera ættingi (blóðskyldur), ættleiddur eða í „de facto” sambandi við hinn látna. En þar sem de facto sambúðarform átti einungis við gagnkynhneigð pör féll Kozak ekki undir þann lið. Einnig krafðist ríkið þess að Kozak sannaði að hann hefði búið með leigjanda íbúðarinnar þar til hann lést. Pólska ríkið hélt því einnig fram í vörn sinni að ríkið viðurkenndi að samkvæmt pólsku stjórnarskránni 18. grein, að hjónaband gildi einungis um samband milli konu og karls. Þar af leiðandi væru öll lögleg sambúðarform samband milli konu og karls, en ekki tveggja einstaklinga af sama kyni.

Evrópudómstóllinn hélt því fram að pólska ríkið hefði brotið á rétti Kozak til þess að fá að halda áfram að búa í íbúðinni og taka við leigusamningnum. Einnig kom fram að það ákvæði að lög um sambúðarform ættu einungis við gagnkynhneigð pör væri klárt brot á jafnræðisreglu og staðfesti dómstóllinn að í Póllandi yrði "de facto hjúskapur" að eiga við samkynhneigð pör líka.

⁶⁴ Press for change, 2010.

⁶⁵ Press for change, 2010.



Dómurinn hélt því einnig fram að þrátt fyrir að í 18. grein pólsku stjórnarskrárinnar standi að vernd sé yfir gagnkynhneigðu fjölskylduformi, eða að fjölskyldan sé stofnuð á sambandi karls og konu, þá þurfi pólska ríkið að finna jafnvægi milli slíkrar verndar og verndar mannréttinda samkynhneigðra. Ríki innan sambandsins geta ekki lengur falið sig á bak við stjórnarskrá sína og réttlæt mismunun á réttindum fólks á þessum grundvelli. Þá sagði dómurinn einnig að hann verði að taka tillit til þess að félagsleg þróun hefur átt sér stað og að það sé orðin staðreynd að hægt sé að haga einkalífi sínu á annan veg en einn.⁶⁶

8. Niðurstaða

Innganga Pólverja í ESB er eitt jákvæðasta skref sem pólsk stjórnvöld hafa tekið um langt skeið. Með inngöngunni hafa margvíslegar úrbætur á stjórnkerfi Pólverja átt sér stað, en ásamt því hafa mjög mikilar framfarir átt sér stað í málefnum minnihlutahópa. Ekki eru endilega allir hópar samfélagsins jafn sáttir við þær breytingar sem orðið hafa og hátt hefur til að mynda heyrst í pólskum bændum sem segja farir sínar ekki sléttar. En málið sem hér er til umfjöllunar er samkynhneigð og réttindabarátta þeirra.

Fordómar yfirvalda eða áhrifa mikilla manna í Póllandi hafa gert mannréttindabaráttu samkynhneigðra þar í landi erfitt fyrir, en svo virðist sem Evrópusambandið sé á réttri leið með að samhæfa reglur sínar fyrir löndin og stuðla þannig að jöfnum rétti allra þeirra er lifa og starfa innan ESB. Ætla mætti að með sífelld meiri og betri löggjöf í þágu samkynhneigðra innan ESB, myndi ýta undir viðbrögð almennings í átt að betri og jákvæðari samfélagslegri þróun í aðildarríkjunum. Opin og jákvæð umræða er alltaf af hinu góða þegar kemur að réttindabaráttu og krefur einstaklinga til að taka afstöðu til málefna þegar umræðan er komin upp á borðið. Þær lagabreytingar sem náðust í gegn með samþykkt Lissabonsáttmálans er sá styrki grunnur sem hægt er að byggja réttindabaráttu samkynhneigðra á í þeim löndum sem hafa gengið í ESB. Staðreyndin er líka sú að strax er farið að sýna sig að þessar lagalegu breytingar sem náðust inn með Lissabonsáttmálanum, séu farnar að hafa jákvæð áhrif í garð þeirra sem hafa, vegna

⁶⁶ Pink Paper, 2010.



fordóma og réttindaleyfis, þurft að berjast harðar fyrir réttindum sínum en aðrir þjóðfélagshópar.

Fordómar í garð samkynhneigðra lifa góðu lífi innan margra annarra ef ekki allra ESB ríkjanna, en líklega er Pólland þar aftast á merinni eða í að minnsta kosti með þeim ríkjum sem síðust eru að koma á alvöru vernd fyrir minnihlutahópa eins og samkynhneigða. Afar mismunandi lög eru um mismunun innan ríkja ESB sem meðal annars má rekja til þess að hefðir og venjur hafa spilað inn í þegar lög eða reglugerðir voru búna til. Hvað Pólland snertir er kaþólska kirkjan sennilega einn stærsti þrándur í götu réttindabaráttu samkynhneigðra og sú staðreynd að hún er gríðarlega valdamikil inna pólsks samfélags. Það er því ljóst að gríðarlega mikið og erfitt starf er fyrir höndum og langt í land með að samkynhneigðir standi jafnfætis öðru fólki hvað varðar mannvirðingu og almenn réttindi. Inngangan í ESB hefur þó verið stórt skref í rétta átt og mannréttindi, og þar með lífsgæði þeirra einstaklinga sem við á, hafa lagast mikið og inngangan því haft jákvæðar afleiðingar fyrir samkynhneigða. Komandi forsetakosningar og aðrir áhrifaþættir koma svo til með að hafa áhrif á framgang mála á næstu misserum en framtíðin er svo sannarlega bjartari eftir inngönguna og þær breytingar sem þegar hafa orðið eru mjög skýrar og dómaframkvæmd styrkir stöðu samkynhneigðra frá því sem áður var. Þáttaskil hafa orðið og svarið við rannsóknarspurningunni er því já, innganga Póllands inn í ESB hefur breytt stöðu réttinda samkynhneigðra þar í landi og það til hins betra.

9. Lokaorð

Á ráðstefnu árið 2001 í Danmörku hitti ég ungt samkynhneigt fólk allstaðar að úr heiminum, en á meðal þeirra voru nokkrir komnir frá Póllandi. Ég minnst þess sérstaklega að þau höfðu á orði að þau höfðu þurft að segja foreldrum sínum að þau væru á fótboltamóti en ekki á ráðstefnu fyrir ungt hinsegin fólk sem vildi fræðast um stöðu þessara minnihlutahópa í öðrum Evrópulöndum og að læra hvort af öðru og hvernig best er að framkvæma hlutina. Ákveðin skelfing og ótti sótti á mig við þessi orð, þrátt fyrir að koma mín út úr hinum svokallað skáp hafi ekki verið með öllu átakalaus. Þau þurftu að fela sannleikann um svo stóran part af sér og héldu þau því fram að hættan væri gríðarleg og raunveruleg. Þau bæði gætu og höfðu lent í líkamlegu ofbeldi að ógleymdu andlega ofbeldinu. Þau yrðu líklega útskúfuð úr fjölskyldu sinni ef þau segðu frá kynhneigð sinni. Þessi ástæða ásamt góðri ábendingu



frá leiðbeinanda mínum vakti því mér forvitni að fá að vita hver staða samkynhneigðs fólks í Póllandi væri í dag, næstum 10 árum seinna. Mér til mikillar gleði sá ég það, við úrvinnslu þessa efnis að mikið hefur lagast þó að óralengt sé enn í land ef þessi hópur á að geta miðað sig við til dæmis réttindi samkynhneigðs fólks á Norðurlöndum.

Eftir að hafa lesið mikið magn af upplýsingum, gömlum fréttum, könnunum, greinum og bókum um stöðu samkynhneigðra í Póllandi rann það upp fyrir mér að hugsanlega fyrir ákveðna tilviljun hafði ég valið mér að fjalla um það land sem styst væri komið í vinnu sinni við að breyta hugsun sinni í garð samkynhneigðra til hins betra. Í hugum sumra Pólverja eru samkynhneigðir pervertar, nauðgarar, barnaníðingar, óeðlilegir, neðanmálsfólk sem ekkert gott á skilið. Þeir eiga eftir að sjá og skilja að samkynhneigðir eru einungis ósköp venjulegt fólk, með venjulegar langanir og þrár og langtímamarkmið þeirra eins og flestra annara er að eiga farsælt hamingjusamt langt líf. Ég er ekki að halda því fram að allir samkynhneigðir séu fullkomnir einstaklingar, langt því frá enda hafa þeir sína bresti eins og allar aðrar manneskjur.

Samkynhneigðir í Póllandi þurfa að glíma við fólk sem sökum trúarlegra forsenda geta ekki opnað augu sín og hjarta til umburðarlyndis þessu annars venjulega fólks. Allir eru nefnlega jafn mikilvægir borgarar í sínu samfélagi. Oft hefur verið haldið fram að hægt sé að reikna út hve margir samkynhneigðir eru í hverju samfélagi fyrir sig. Hver sú prósentutala er leikur á huldu, en einhverstaðar hafa tölurnar á bilinu 5 til 10 % verið nefndar. Það þýðir að samkynhneigðir í Póllandi eru á milli 1,9 og 3,8 milljónir ef miðað er við að pólverjar eru 38 milljónir samtals. Það munar mikið um þessa einstaklinga og því er mikilvægt að unnið sé áfram að réttindum þeirra.

Vona ég því að Evrópusambandið haldi áfram sinni frábæru baráttu í átt að jafnrétti og réttlæti innan allra aðildarríkja sinna í mannréttindum allra. Það svo sem ekki að ástæðulausu að slagorð ESB skuli vera samstaða í fjölbreytni (e. unity in diversity).⁶⁷

⁶⁷ Eiríkur Bergmann Einarsson, 2009, bls 23.



10. Heimildaskrá

- Abramawicz, Marta (2006). „*Situation of bisexual and homosexual persons in Poland, 2005 and 2006 report*”. Sótt þann 20.04.2010 af: www.kph.org.pl/publikacje/sytuacja_bi_homo_2007_EN.pdf
- Amnesty International. Sótt þann 27.04.2010 af: <http://amnesty.com/>
- Austin, Ben S (21.02.1996). „*Homosexuals and the Holocaust*”. Sótt þann 15.04.2010 af: <http://frank.mtsu.edu/~baustin/homobg.html>
- BBC News (2007) „*Poland urged to halt „Homophobia*”. Sótt þann 19.04.2010 af: <http://news.bbc.co.uk/2/hi/europe/6596829.stm>
- BBC News (01.07.2008). „*Poland in new bolw to EU treaty*”. Sótt þann 20.04.2010 af: <http://news.bbc.co.uk/2/hi/7482660.stm>
- Boswell, John, (1980). „*Christianity, Social Tolerance, and Homosexuality.*” The University of Chicago. USA. Sótt þann 03.05.2010 af: http://www.google.com/books?hl=is&lr=&id=5LXpN4oaOwAC&oi=fnd&pg=PA3&dq=homosexuals+and+development+in+europe&ots=4bQapaWEfN&sig=xz8XN_F41oLnzamAwyvluKxkNZA#v=onepage&q&f=false
- C.Waaldijk & M. Bonini-Baraldi. (2006). „*Sexual orientation discrimination in the European Union: National Laws and the employment equality directive*”. Holland. T.M.C Asser Press.
- Campaign Against Homophobia (2007). Sótt þann 20.03.2010 af: http://www.ilga-europe.org/europe/guide/country_by_country/poland/report_situation_of_bisexual_and_homosexual_persons_in_poland_2005_2006
- Campaign Against Homophobia (2010). Sótt þann 16.04.2010 af: <http://world.kph.org.pl/index.php?lang=en&doc=page&id=11&title=past-actions>
- Candia, Steven (14.10.2009). Gay rights Uganda. „*Homosexuals face death penalty*”. 14.10.2009. Sótt þann 26.04.2010 af: <http://www.gayrightsuganda.org/>
- Central Intelligence Agency (2010). Sótt þann 02.02.2010 af: <https://www.cia.gov/library/publications/the-world-factbook/geos/pl.html>
- Charter of Fundamental Rights of the European Union (30.03.2010). Sótt þann 05.04.2010 af: <http://eur-lex.europa.eu/en/dossier/selection.htm>
- Crompton, Louis. (2006). „*Homosexuality & Civilization*”. USA.The Belknap Press of Harvard University Press. Cambridge, Massachusetts.
- Edwin R.A. Seligman. (1963). „*Encyclopaedia of the Social Science*”, volumes IX-X LAB-MOR. (volume nine). New York. The MacMillan Company.
- Eiríkur Bergmann Einarsson. (2009). „*Frá evróvisjón til evru, allt um Evrópusambandið*”. Reykjavík.Veröld.
- Eleveld, Kerry (28.10.2009) „*Obama signs hate crimes.*” Advocate. Sótt þann 26.04.2010 af: http://www.advocate.com/News/Daily_News/2009/10/28/Obama_Signs_Hate_Crimes/



- Europa, the EU at glance (2008). Sótt þann 06.04.2010 af:
http://europa.eu/legislation_summaries/human_rights/fundamental_rights_within_european_union/133501_en.htm
- Europa, The history of the European Union (án árs). Sótt þann 20.04.2010 af:
http://europa.eu/abc/history/1945-1959/index_en.htm
- Eur-Lex, Official Journal of the European Union. *Treaty of Lisbon*. Sótt þann 19.04.2010 af:
<http://eur-lex.europa.eu/JOHtml.do?uri=OJ:C:2007:306:SOM:EN:HTML>
- Europa, summaries of EU legislation (2008). Sótt þann 06.04.2010 af:
http://europa.eu/legislation_summaries/human_rights/fundamental_rights_within_european_union/133501_en.htm
- Europa, treaty of Lisbon (2009). Sótt þann 18.04.2010 af:
http://europa.eu/lisbon_treaty/glance/index_en.htm
- GlobalGayz (2002-2004). Sótt þann 10.04.2010 af:
<http://www.globalgayz.com/country/Poland/view/POL/a-brief-history-of-gay-poland>
- Grau, Gunter (1995). „*Hidden Holocaust?*”. USA, NY Maple-Vail. Sótt þann 15.04.2010 af:
<http://www.google.com/books?hl=is&lr=&id=x-1WbWJqP2YC&oi=fnd&pg=PR9&dq=holocaust+homosexuality&ots=TJrAc8p702&sig=KnfrRMc4XITGDORyZFCtdiDeu2A#v=onepage&q&f=true>
- IGLA Europe (2010). Sótt þann 17.04.2010 af: <http://ilga.org/>
- IGLA Europe (2010). Sótt þann 02.03.2010 af: http://www.ilga-europe.org/europe/about_us/what_is_ilga_europe/members
- IGLA Europe (11.02.2010). „*European parliament reaffirms LGBT rights are a condition to join the European Union*”. Sótt þann 04.03.2010 af: <http://ilga.org/ilga/en/article/mhMqURX1t2> -
Kitinski, Tomek og Leszkowicz, Pawel (2005). The Gully online magazine. „*New Anti-Gay Regime in Poland*”. Sótt þann 28.04.2010 af:
http://www.thegully.com/essays/gaymundo/051110_poland_election.html
- Karugaba, Mary og Bekunda, Catherine (14.10.2009). „*Homosexuals face death penalty*.” Sótt þann 26.04.2010 af: <http://www.gayrightsuganda.org/>
- Kliszczynski, Krzysztof og Dudala, Marcin (2001). „*Report 2001, On discrimination and intolerance due to sexual orientation in Poland*”. Sótt þann 02.04.2010 af:
<http://www.google.is/search?q=Report+2001.+On+discrimination+and+intolerance+due+to+sexual+orientation+in+Poland&ie=utf-8&oe=utf-8&aq=t&rls=org.mozilla:en-US:official&client=firefox-a>
- Lambda (án árs). Famous GLB people in history. Sótt þann 01.05.2010 af:
<http://www.lambda.org/famous.htm>
- Mannréttinda skrifstofa Íslands (2006). Sótt þann 09.02.2010 af:
<http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/mannrettindahugtakid/>
- Mannréttinda skrifstofa Íslands (2006). Sótt þann 03.03.2010 af: <http://www.humanrights.is/spurt-og-svarad/>
- McDonald, Henry (03.10.2009). „*Ireland votes yes to Lisbon Treaty*.” The Guardian.
<http://www.guardian.co.uk/world/2009/oct/03/ireland-votes-yes-lisbon-treaty> 20.04.2010
- Morgunblaðið (2010). „*Biskub býst við einum hjúskaparlögum*.” Sótt þann 28.04.2010 af:
http://www.mbl.is/mm/frettir/innlent/2010/04/27/biskup_byst_vid_einum_hjuskaparlogum/?ref=fphelst



- Nation Master (2003-2010). Sótt þann 02.04.2010 af: <http://www.nationmaster.com/country/pl-poland/edu-education>
- New Advent. (2009). Sótt þann 06.04.2010 af: <http://www.newadvent.org/cathen/12272b.htm>
- Pink Paper. (2010) „*European Court of Human Rights: Polish legislation discriminates.*” 03.03.2010 Sótt þann 10.04.2010 af: <http://news.pinkpaper.com/NewsStory.aspx?id=2513>
- President of the Republic of Poland (2009). Sótt þann 20.04.2010 af: <http://www.president.pl/en/news/news/art.75.president-signs-the-lisbon-treaty.html>
- Press for change. (2010). „*European convention on human rights and fundamental freedom.*” Sótt þann 17.04.2010 af: <http://www.pfc.org.uk/node/328>
- Poland (2010). Polish Society. Sótt þann 02.04.2010 af: http://www.poland.pl/info/information_about_poland/society.htm
- Ragnar Aðalsteinsson (2005). „*Jafnræði, bann við mismunun og kynhneigð*”. Sótt þann 27.04.2010 af: http://www.stjornarskra.is/media/stjorn_erindi/alitsgerd_kynhneigdRA.pdf
- Stanford Encyclopedia of Philosophy (29.11.2006). „*Homosexuality*”. Brent Picket. Sótt þann 26.04.2010 af: <http://plato.stanford.edu/entries/homosexuality/#History>
- Lárus Ari (13.11.2009). „*Don't ask, don't tell.*” Samtökin '78. Sótt þann 26.04.2010 af: http://samtokin78.is/index.php?option=com_content&view=article&id=5257:dont-ask-dont-tell&catid=24:erlent&Itemid=149
- Telegraph UK (14.06.2008). „*Ireland says “No” to Treaty of Lisbon – and “No” say all of us.*” Sótt þann 20.04.2010 af: <http://www.telegraph.co.uk/comment/telegraph-view/3559425/Ireland-says-No-to-Treaty-of-Lisbon-and-No-say-all-of-us.html>
- Telegraph UK (10.10.2009). „*President of Poland signs the Lisbon Treaty.*” Sótt þann 20.04.2010 af: <http://www.telegraph.co.uk/news/worldnews/europe/poland/6290694/President-of-Poland-signs-Lisbon-Treaty.html>
- The constitution of the republic of Poland (1997). Sótt þann 05.04.2010 af: <http://www.sejm.gov.pl/prawo/konst/angielski/kon1.htm>
- The European Region of the International Lesbian and Gay Association (April 2004). „*Meeting the challenge of accession, surveys on sexual orientation discrimination in countries joining the European Union*”. Sótt 10.04.2010 af: http://www.ilga-europe.org/europe/publications/reports_and_other_materials/meeting_the_challenge_of_accession_2004
- The Guardian UK, (2010). „*Vatican climbdown over sex abuse remarks by senior cardinal*”. Sótt þann 19.04.2010 af: <http://www.guardian.co.uk/world/2010/apr/14/vatican-sex-abuse-remarks-cardinal>
- The Johns Hopkins University press. „*A natural history of homosexuality*”. Sótt þann 26.04.2010 af: <http://jhupbooks.press.jhu.edu/ecom/MasterServlet/GetItemDetailsHandler?iN=9780801854408&qty=1&viewMode=3&loggedIN=false>
- The Sidney Morning Herald. „*Gay Parade banned in Poland.*” (09.05.2006). Sótt þann 19.04.2010 af: <http://www.smh.com.au/news/World/Gay-parade-banned-in-Polands/2005/05/19/1116361640668.html>
- Ukgaynews (2007) „*Poland urged to drop new law banning „Homosexual Propaganda” in schools*”. Sótt þann 19.04.2010 af: <http://www.ukgaynews.org.uk/Archive/07/April/2601.htm>



- Þjóðkirkjan. Setningarræða biskups Íslands 2010. Sótt þann 28.04.2010 af:
<http://kirkjan.is/frett/2010/04/10387>

- Wiesner, Mary E. (2000). „*Women and gender in early modern Europe*”. Cambridge University press. USA. Sótt þann 03.05.2010 af:
http://books.google.co.uk/books?hl=is&lr=&id=qcCR5jai5fAC&oi=fnd&pg=PR10&dq=european+history+of+homosexuality&ots=St4_Vr34pv&sig=m56DxboluLdVVlBvfdhBbmNc6tl#v=onepage&q=homosexuality&f=false

- Wright, Lionel (1999). „*The Stonewall Riots – 1969 – A turning point in the struggle for gay and lesbian liberation.*” Sótt þann 01.02 2010 af: <http://socialistalternative.org/literature/stonewall.html>